MOSFELLINGUR

VEFÚTGÁFA www.mosfellingur.is

9. TBL. 21. ÁRG. FIMMTUDAGUR 23. JÚNÍ 2022 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Loks hægt að halda upp á 17. júní • Bæjarhátíð í lok ágúst

Hátíðarhöld án takmarkana

Glæsileg fjölskyldudagskrá fór fram við Hlégarð á þjóðhátíðardaginn.

JALLKONAN BRYNJA SIGURÐARDÓTTIR OG ASTÍAN BÆJARFÓGETI ÁSAMT MOSVERJUM

Mynd/RaggiÓla

EIGN VIKUNNAR www.fastmos.is

Klapparhlíð - Íbúð á jarðhæð

63,9 m2, 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð við Klapparhlíð 18. Frábær staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð. **V. 51,9 m.**



Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

FESTU NIÐUR TRAMPÓLÍNIÐ!

MEÐ TRAMPÓLÍNSKRÚFUM
Frá REDDER

Einfalt að setja niður og fara örugg inn í sumarið

redder Byggingalausnir
Hyrjarhöfða 2
S. 558 0888
www. redder.is

Mosfellingurinn Hlín Magnúsdóttir Njarðvík deildarstjóri í Helgafellsskóla

Útnefnd dugnaðarforkur Heimilis og skóla

»24

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS

CABAS

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*
Ritstjórn:
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is
Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.
Próförk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 23. ágúst

Partur af prógrammet

Loksins megum við koma saman á mannamótum og við hátíðleg tilefni. Bæjarbúar fjölmenntu á hátíðarhöldin 17. júní og var létt yfir mannskapnum og ekki annað sjá en lífið væri að komast í eðlilegt horf á ný. Allt var eins og það átti að vera, blöðrur, sleikjóar og rigning á köflum. Þetta tilheyrir allt 17. júní. Talað er um að frægasta rigning Íslandssögunnar hafi einmitt verið við stofnun lýðveldisins á Íslandi á Þingvöllum 17. júní 1944.
Allt partur af prógrammet?

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings

Mosfellingur tekur nú smá sumarfrí, kærkomið eftir kosningar og þrauk í gegnum COVID. Við komum aftur með fullu trukki fyrir bæjarhátíðina Í túninu heima sem haldin verður helgina 26.-28. ágúst. Hátíðarblað Mosfellings kemur út á þriðjudeginum fyrir hátíð, 23. ágúst. Smekkfullt af öllum þeim upplýsingum sem þið þurfið á að halda fyrir hátíðina. Þangað til, njótið sumarsins!

ÍSFUGL

www.isfugl.is

KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

SVEITARSTJÓRI Í MOSFELLSSVEIT

Fyrsti sveitarstjórinn í Mosfellssveit var Matthías Sveinsson og gegndi því starfi árin 1962-1970. Hann var m.a. mikill áhugamaður um ljósmyndun og kvikmyndagerð. Á Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar er dágott safn mynda frá árum Matthíasar í Mosfellssveit sem rekja má til hans.

Þegar unnið var að gerð heimildarmyndar um starf Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar árin 1964-2004 fór undirritaður á fund Matthíasar í efnisleit. Hann reyndist eiga kvikmyndafilmur m.a. frá hátíðahöldum 17. júní árin 1964-1970 og gaf fúslega leyfi fyrir notkun á efninu. Ath. nú varðveitt á Héraðsskjalasafninu.

Matthías kom á 40 ára afmælistónleika SkóMos og var afhent eintak af sögu hljómsveitarinnar í 40 ár. Bæði skólahljómsveitin og tónlistarskólinn hófu starfsemi á árum hans sem sveitarstjóri.

MATTHÍAS SVEINSSON 17. JÚNÍ VIÐ VARMÁRSKÓLA 1968

Umsjón: Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

HÉÐAN OG ÞAÐAN

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?



Fasteignasala Mosfellsbæjar

Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali

Þórhildur M. Sandholt
Lögg. fasteignasali

Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali

Theodór Emil Karlsson
Aðstoðarmaður fasteignasala

KLAPPARHLÍÐ - JARÐHÆÐ

63,9 m2, 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð. Frábær staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð.

V. 51,9 m.

BJARKARHOLT - TIL LEIGU

81,7 m2 3ja herberja íbúð á 4. hæð ásamt stóru stæði í bílageymslu í nýlegu fjölbýlishúsi. Laus til afhendingar 1. september. Eignin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Íbúðin leigist út með kæliskáp og uppþvottavél. **V. 260 þ. á mánuði.**

ÁSHOLT - EINBÝLISHÚS Á TVEIMUR HÆÐUM

Einbýlishús á tveimur hæðum, auk sólskála m/heitum potti, og fallegum garði í litlum botnlanga. Aukaíbúð í kjallara. Frábær staðsetning og glæsilegt útsýni.

V. 189 m.

BUGÐUFLJÓT - ATVINNUHÚSNÆÐI

Nýtt atvinnuhúsnæði sem er að rísa á stórri lóð á Tungumelum. Hvert bil er skráð 113,6 m2. Tvær innkeyrsluhurðir eru á hverju bili. Mikil lofthæð og möguleiki á stóru millilofti. Gólfhiti.

V. 41,5 m.



SANDSLUNDUR

Um 23 ha í landi Sands í Kjós sem eru tvær lóðir. Sandslundur 16 er flokkað sem landbúnaðarland. Sandslundur 18 sem er flokkað sem frístundabyggð (sumarhús). Mjög fallegt útsýni.

V. 25 m.

EYJABAKKI

Sumarbústaðalóð við Eyjabakka í Kjós. Stutt er í þjónustu og fallegar göngu-leiðir. Á lóðinni er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Hámarks byggingarmagn á lóð er 100 m2, þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m2.

V. 6,4 m.

VILTU SELJA?

Endilega hafðu samband og við kappkostum að selja eignina þína!

Sími: 586-8080 - www.fastmos.is

Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali
698-8555
svanthor@fastmos.is

Sigurður Gunnarsson
Löggiltur fasteignasali
899-1987
sigurdur@fastmos.is

Stofutónleikar haldnir í allt sumar

Stofutónleikaröð Gljúfrasteins er hafin og var það Mugison sem reið á vaðið í byrjun júní. Fram undan er glæsileg dagskrá en tónleikarnir fara fram á sunnudögum kl. 16. Á sunnudaginn 26. júní eru það Magnea Tómasdóttir, Kjartan Guðnason og Kjartan Valdemarsson sem flytja flytja „Sönglög með nýjum blæ“. 3. júlí leik- og söngkonan Katrín Halldóra. 10. júlí Dísella Lárusdóttir, sópran. 17. júlí Álfheiður Erla Guðmundsdóttir og Valgeir Daði Einarsson. 24. júlí Sólborg Valdimarsdóttir og Júlía Traustadóttir. 31. júlí Sigrún Jónsdóttir. 7. ágúst félagar úr Leikfélagi Mosfellssveitar flytja lög úr sýningunni „Ó, María“ sem leikfélagið setti upp í vor. 14. ágúst Herdís Anna Jónasdóttir, sópran og Bjarni Frímann Bjarnason, píanó. 21. ágúst Andrés Þór, gítar og Agnar Már, píanó. 28. ágúst, Í túninu heima, Davíð Þór Jónsson lokar sumardagskrá Gljúfrasteins 2022, við flygilinn að sjálfsögðu.

Ærslabelgur á ný í Ævintýragarðinum

Nýr ærslabelgur er kominn upp í Ævintýragarðinum. Hann er staðsettur í Ullarnesbrekkum, á milli Varmár og Leirvogstungu. Næg bílastæði eru við íþróttamiðstöðina að Varmá en innkoma er að garðinum sunnanverðum frá íþróttasvæðinu. Ærslabelgurinn er opinn kl. 10-22 alla daga í sumar og er góð viðbót við þau leiktæki sem þar eru þegar til staðar. Einnig er þar stórt tún sem er tilvalið til boltaleikja og bekkir og áningarsvæði til að fá sér nestisbita. Ærslabelg var komið fyrir á sama stað fyrir tveimur árum en hann var eyðilagður og hefur nú nýr belgur litið dagsins ljós.

ÖRLYGUR OG LILJA

Anna Guðný, Ari Trausti og Örlygur heiðruð

Þrír Mosfellingar hlutu Fálkaorðu

Þrír Mosfellingar voru heiðraðir af forseta Íslands á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Þá fengu 14 Íslendingar heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari hlaut riddarakross fyrir framlag til tónlistarflutnings.

Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur fékk riddarakross fyrir störf á vettvangi vísinda og þekkingarmiðlunar.

Örlygur Richter fyrrverandi skólastjóri var sæmdur riddarakrossi fyrir störf á vettvangi félags- og skólamála. Á myndinni til vinstri má sjá Örlyg Richter og Lilju Dögg Alfreðsdóttur ráðherra eftir afhendinguna en Lilja er gamall nemandi Örlygs.

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Ari Trausti Guðmundsson

Góðgerðarmót fyrir Reykjadal • Söfnuðu 2,5 milljónum

Vel heppnað Palla Open

Palla Open góðgerðargolfmótið fór fram á Hlíðavelli laugardaginn 11. júní í blíðskaparveðri og heppnaðist að mati skipuleggjenda ákaflega vel.

„Við erum bara í skýjunum með viðtökurnar og daginn. Þetta heppnaðist allt eins og í sögu, þetta voru um 200 kylfingar sem tóku þátt og það söfnuðust í heildina um 2,5 milljónir til styrktar Reykjadal,“ segir Palli Líndal, einn skipuleggjenda mótsins.

Þátttakan langt fram úr væntingum

Fjöldi veglegra vinninga voru veittir að lokinni keppni við hátíðlega athöfn í golfskálanum en þátttakendur voru ýmist áhugamenn að stíga sín fyrstu skref í sportinu eða lengra komnir. „Við erum þakklát þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem tóku vel í fyrirspurnina og styrktu mótið með þessum glæsilegu vinningum. Eins langar mig að þakka sérstaklega stjórn og starfsmönnum golfklúbbsins fyrir þeirra framlag við undirbúning og framkvæmd mótsins.

Að lokum get ég auðvitað ekki annað en verið glaður og þakklátur GM, bæði félagsmönnum og þátttakendum, fyrir daginn. Þátttakan í ár var talsvert meiri en í fyrra og fór langt fram úr væntingum.“

Mótið komið til að vera

Ágóða mótsins hefur þegar verið varið til kaupa á hjólastólum til styrktar Reykjadal en stólarnir eru sérstaklega hannaðir til útivistar. „Við hlökkum mikið til að taka á móti sendingunni og gerum ráð fyrir að afhenda Reykjadal stólana um miðjan júlí,“ segir Palli og bætir við að miðað við viðtökur sé Palla Open komið til að vera.

HREFNA RÓS FRÁ REYKJADAL OG PÁLL LÍNDAL MÓTSHALDARI

Ný bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur tekið til starfa • Miklar breytingar í nefndum

Skipað í nefndir og ráð

Nýr meirihluti Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar hefur tekið til starfa og fór fyrsti fundur nýrrar bæjarstjórnar fram 1. júní.

Þessa dagana er verið að auglýsa eftir bæjarstjóra en leitað er að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi með farsæla reynslu af stjórnun og rekstri.

Á fyrsta fundi var Anna Sigríður Guðnadóttir kjörin forseti bæjarstjórnar til eins árs. Kosið var í nefndir og ráð á vegum bæjarins og skipast aðalmenn þannig:

Bæjarráð
Halla Karen Kristjánsdóttir (B) formaður, Lovísa Jónsdóttir (C), Anna Sigríður Guðnadóttir (S), Ásgeir Sveinsson (D), Jana Katrín Knútsdóttir (D).

Fjölskyldunefnd
Ólafur Ingi Óskarsson (S) formaður, Sigríður Dóra Sigtryggsdóttir (B), Halla Karen Kristjánsdóttir (B), Jana Katrín Knútsdóttir (D), Hilmar Stefánsson (D).

Fræðslunefnd
Aldís Stefánsdóttir (B) formaður, Sævar Birgisson (B), Elín Árnadóttir (S), Elín María Jónsdóttir (D), Hjörtur Örn Arnarson (D).

Íþrótta- og tómstundanefnd
Erla Edvardsdóttir (B) formaður, Leifur Ingi Eysteinsson (B), Atlas Hendrik Ósk Dagbjarts (C), Rúnar Bragi Guðlaugsson (D), Arna Björk Hagalínsdóttir (D).

Lýðræðis- og mannréttindanefnd
Sævar Birgisson (B) formaður, Aldís Stefánsdóttir (B), Rúnar Már Jónatansson (C), Brynja Hlíf Hjaltadóttir (D), Gunnar Pétur Haraldsson (D).

Menningar- og nýsköpunarnefnd
Hrafnhildur Gísladóttir (B) formaður, Hilmar Tómas Guðmundsson (B), Jakob Smári Magnússon (S), Helga Möller (D), Franklin Ernir Kristjánsson (D).

Skipulagsnefnd
Valdimar Birgisson (C) formaður, Aldís Stefánsdóttir (B), Ómar Ingþórsson (S), Ásgeir Sveinsson (D), Helga Jóhannesdóttir (D).

Umhverfisnefnd
Örvar Jóhannsson (B) formaður, Þorbjörg Sólbjartsdóttir (B), Jón Örn Jónsson (C), Ragnar Bjarni Zoega Hreiðarsson (D), Þóra Björg Ingimundardóttir (D).

KIRKJUSTARFIÐ

WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Sunnudagur 26. júní
Kyrrðar- og bænastund kl. 11 í Mosfellskirkju. Sr. Bryndís Svavarsdóttir þjónar.

Sunnudagur 3. júlí
Kyrrðar- og bænastund kl. 11 í Lágafellskirkju. Sr. Arndís Linn þjónar.

Sunnudagur 10. júlí
Kyrrðar- og bænastund kl. 11 í Lágafellskirkju. Sr. Bryndís Svavarsdóttir þjónar.

Sunnudagurinn 17. júlí
Kyrrðar- og bænastund kl. 11 í Lágafellskirkju. Sr. Bryndís Svavarsdóttir þjónar.

Sunnudagur 24. júlí
Kyrrðar- og bænastund kl. 11 í Lágafellskirkju. Sr. Sigurður Már Hannesson þjónar.

www.lagafellskirkja.is

Ágústkvöld í Lágafellssókn - þematengdar kvöldguðsþjónustur
Í ágústmánuði verða notalegar kvöldguðsþjónustur kl. 20. Fylgist með á heimasíðu þegar nær dregur!

Sumarnámskeið Lágafellssóknar
Ævintýraleg námskeið fyrir 6-9 ára krakka í júní og ágúst. Lofum stuði og ævintýrum í sumar!

Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu.

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

4xe
PLUG-IN HYBRID

JEEP® WRANGLER PLUG-IN HYBRID — **35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI**

ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF OG NÝ ÆVINTÝRI MEÐ JEEP®

Jeep® Wrangler Rubicon, goðsögnin rafmagnaða, hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Þessi kraftmikli jeppi er nú fáanlegur sem Plug-In Hybrid með einstökum drifbúnaði og hlaðinn tækninýjungum. Alvöru fjórhjóladrif fyrir ferðir sem krefjast alvöru jeppa. 35", 37" og 40" breytingapakkar í boði fyrir þá sem vita nákvæmlega hvernig búnað þarf í íslensk ævintýri.

FIAT 500e — **MEÐ 3+1 HURÐUM OG ALLT AÐ 433 KM DRÆGNI**

HVAÐ NÆRÐU AÐ GERA Á FIMM MÍNÚTUM?

Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalausa ítalska hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanbæjar.

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR

Jeep®

Íris Ansnes framkvæmdastjóri hjá BL og Óli Valur Steindórsson framkvæmdastjóri Fasteflis undirrita. Fyrir aftan: Jón Þór Gunnarsson og Erna Gísladóttir eigendur BL og Ellert Jón Björnsson fjármálastjóri Fasteflis.

Samstarfssamningur um kaup og þróun á rúmlega 38 hektara landi • Ætla að auðga flóru fyrirtækja í bæjarfélaginu

Fastefli og BL sameinast um kaup á athafnasvæði við Tungumela

Á dögunum hittust forsvarsmenn Fasteflis og BL á Barion Mosó og undirrituðu samstarfssamning um kaup og þróun á rúmlega 38 hektara landsvæði við Tungumela í Mosfellsbæ. Svæðið er ætlað fyrir fjölbreytta athafnastarfsemi.

Aðspurður sagði Mosfellingurinn Óli Valur Steindórsson framkvæmdastjóri Fasteflis um verkefnið: „Á mýmörgum fundum sjálfboðaliða Aftureldingar var og er mikð rætt um þörfina að fjölga styrktaraðilum en góður fjöldi vel rekinna fyrirtækja er grundvöllur þess.

Það hafa verið viss vonbrigði með fyrsta hluta uppbyggingar Tungumela hversu fá fyrirtæki hafa lagt leið sína þangað en mikill hluti svæðisins hefur verið nýttur undir byggingu á geymslum. Það er því kærkomið tækifæri sem okkur hefur nú fallið í skaut, að leiða og þróa uppbyggingu á þessu svæði og taka þátt í að auðga flóru fyrirtækja í bæjarfélaginu en það er vonandi að við fáum góðan stuðning og samstarf frá bæjaryfirvöldum við það," segir Óli Valur.

Spennandi framtíðarstaðsetning fyrir BL

Íris Ansnes framkvæmdastjóri hjá BL bætti jafnframt við að Tungumelar væri spennandi svæði til framtíðar fyrir BL en félagið væri að skoða mögulega framtíðarstaðsetningu fyrir starfsstöðvar félagsins. „Að því sögðu býður verkefnið sem slíkt upp á gríðarmikla möguleika fyrir fyrirtæki sem eru að huga að og þurfa að færa sína starfsemi úr Reykjavík í náinni framtíð og eru Tungumelar góður kostur ef vel er á málum haldið," segir Íris Ansnes.

Áhugavert verður að fylgjast með þessu verkefni.

» Fastefli er móðurfélag Upprisu og Hlöllabáta (Barion). BL er rótgróið bílaumboð sem varð til við sameiningu Ingvars Helgasonar og B&L árið 2011.

STARFSFÓLK Í BÚSETUEININGU

VESTURHLÍÐ, SKÁLATÚNI

Sambýlið Vesturhlíð leitar eftir öflugu og framsæknu starfsfólki til liðs við okkur í sumar, möguleiki á áframhaldandi starfi. Um er að ræða fjölbreytt störf þar sem þjónustan er einstaklingsmiðuð og þjónustuáætlunum íbúa er fylgt eftir í daglegu lífi, jafnt utan heimils sem innan.
Starfsfólk er fyrirmynd í starfi sínu og tekur þátt í daglegu lífi íbúa. Við störfum samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
Starfsfólk vinnur á fjölbreyttum vöktum.

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Áhugi á málefnum fatlaðs fólks
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtakssemi og samviskusemi
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Hreint sakavottorð
- Aldursskilyrði 20 ár
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt nokkrum orðum af hverju þú telur þig hæfa/n í starfið og umsóknir eru sendar á netfangið vesturhlid@skalatun.is Nánari upplýsingar um störfin veitir Ragnheiður Hansen, deildarstjóri, í síma: 530-6643 - 8936529. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Skálatúns og viðkomandi stéttarfélags - Sameyki/Efling. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Setti af stað söfnun árið 2019 • Ýmis raftæki keypt

Sveinbjörn safnar fyrir Reykjadal

Sveinbjörn Benedikt Eggertsson kom af stað söfnun árið 2019 til styrktar Reykjadal, sumarbúðum í Mosfellsdal fyrir fötluð börn og ungmenni.

Sveinbjörn tók á móti frjálsum framlögum fyrir utan verslanir í Mosfellsbæ, ásamt því að fá styrktarfélög með sér í lið. Í heildina söfnuðust 536.179 krónur. Peningurinn var m.a. nýttur til kaupa á hátölurum, spjaldtölvu, símum o.fl.

Raftækin og það sem eftir var af peningunum var svo fært Reykjadal 1. júní sl. sem mun nýtast vel til kaupa á fleiru sem kann að vanta.

Á myndinni eru Sveinbjörn Benedikt Eggertsson í miðjunni og starfsmenn Reykjadals; Óðinn Páll Arnarsson til vinstri og Ísar Nói Össurarson til hægri.

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar

Leitað er að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi með farsæla reynslu af stjórnun og rekstri. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna fagsviða, stoðdeilda og stofnana og starfar í umboði og nánu samstarfi við kjörna fulltrúa í bæjarstjórn. Mosfellsbær er sjöunda stærsta sveitarfélagið á Íslandi. Meðal verkefna framundan er að stýra rekstri bæjarins í gegnum vaxtartímabil og sjá til þess að á sama tíma verði veitt nútímaleg gæðaþjónusta í öllum málaflokkum.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við bæjarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs
- Innleiðing stafrænna þjónustuleiða og þjónustustýringar
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við íbúa, hagsmunaaðila, fyrirtæki og stofnanir
- Að gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vera talsmaður bæjarstjórnar þegar það á við og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna í stjórnun og framkvæmd ólíkra málaflokka
- Seta í stjórnum og ráðum fyrir hönd sveitarfélagsins

Lýðheilsa, lýðræði, nýsköpun og umhverfismál eru höfð að leiðarljósi í allri starfsemi Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær er framsækið og nútímalegt bæjarfélag í útjaðri höfuðborgarsvæðisins þar sem finna má aðlaðandi menningar- og félagslíf, fjölbreytta möguleika til útivistar og fjölskylduvænt umhverfi. Í Mosfellsbæ búa um 13 þúsund íbúar og þeim hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Sveitarfélagið er stærsti vinnuveitandinn í bænum með um 950 starfsmenn í 22 stofnunum og starfsstöðvum. Þar á meðal eru fimm grunnskólar og átta leikskólar ásamt tveimur íþróttamiðstöðvum. Nánari upplýsingar um rekstur og þjónustu Mosfellsbæjar er að finna á www.mos.is.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og þjónustu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af kynningar- og ímyndarmálum sem og stefnumótun
- Áhugi og reynsla af eflingu atvinnulífs til að stuðla að vexti samfélagsins
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og þjónustulund
- Framúrskarandi hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með 28. júní nk.
Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veita:
Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**
Þórdís Sif Arnarsdóttir, **thordis@hagvangur.is**

Malbikstöðin kaupir Fljótavík ehf.

Malbikstöðin hefur keypt allan flota fyrirtækisins Fljótavíkur ehf. en fyrrnefnda fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu og lagningu á umhverfisvænu malbiki. Ásamt kaupunum á vörubílaflotanum flyst starfsfólk Fljótavíkur einnig yfir til Malbikstöðvarinnar. Þar með eflist starfsemi fyrirtækisins og styrkist staða þess enn frekar í samkeppni við Reykjavíkurborg og erlent stórfyrirtæki sem hefur látið til sín taka á íslenska malbiksmarkaðnum.

„Fljótavík er öflugt fyrirtæki sem hefur starfað í 24 ár og mannauðurinn samanstendur af fólki sem kann sitt fag og býr yfir mikilli reynslu. Ég er verulega ánægður með þetta skref sem við höfum tekið en með því verðum við sterkara fyrirtæki og þar af leiðandi enn samkeppnishæfari á hörðum markaði," segir Vilhjálmur Þór Matthíasson, framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar. Malbikstöðin er með höfuðstöðvar í Flugumýri í Mosfellsbæ en öll framleiðsla fer fram í malbikstöð fyrirtækisins að Esjumelum í Reykjavík.

Mosfellingar hvattir til að benda á hæstu tré í Mosfellsbæ • Verðlaunatréð kynnt

Leitin að hæsta tré bæjarins

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar og bæjarblaðið Mosfellingur leita nú að hæsta trénu í Mosfellsbæ.

Síðastliðin 20 ár hefur verið mikill trjávöxtur á landinu og er staðfest að innan innan þessa sveitarfélags er að finna tré sem komin eru yfir 20 metra.

„Við viljum endilega sjá hvort við eigum ekki tré sem er farið að nálgast 25 metra eða jafnvel 30 metra sem samsvarar hæsta mælda tré á Íslandi en það er sitkagrenitré sem gróðursett var á Kirkjubæjarklaustri árið 1949," segir Björn Traustason formaður Skógræktarfélags Mosfellsbæjar.

Gætum við jafnvel átt hæsta tré á Íslandi hér í Mosfellsbæ?

Bæjarbúar taki þátt við leitina

Til að finna hæsta tréð eru bæjarbúar beðnir um að senda Skógræktarfélaginu tilnefningar í sumar. Takið myndir af trjám sem þið teljið líklega kandídata og er mikilvægt að einhver standi við tréð þannig að hægt sé að meta út frá ljósmyndinni hversu hátt það er.

Það getur auðvitað verið erfitt að taka mynd í þéttum skógarlundi en þið gerið ykkar besta. Mikilvægt er að tilgreina staðsetningu á trénu og gaman væri að fá upplýsingar um trjátegund, hvenær það var gróðursett, af hverjum og af hvaða tilefni.

Hæstu 10 trén verða metin og í kjölfarið mæld með nákvæmum hætti af skógmælingafólki frá Skógræktinni. Sett verður upp merki við hæsta tréð og sagt frá verðlaunatrénu í Mosfellingi.

TILNEFNINGAR

» Myndir og upplýsingar um tré er hægt að senda á netfangið skogmos@skogmos.is til 10. ágúst.

Í MOSFELLSBÆ MÁ FINNA YFIR 20 METRA HÁ TRÉ

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNDAN Í STARFINU

SUMAROPNUN Í FÉLAGSSTARFINU

Hlaðhömrum 2.
Allan júní er opið 13:00-16:00 nema lokað 16. júní og 30. júní.
Í júlí er lokað 1. og 8. júlí.
Opnunartími í júlí og ágúst gæti breyst frá 11:00-16:00 í 13:00-16:00 einhverja daga, það verður auglýst nánar:)

Kveðja, starfsmenn félagsstarfsins

KYNNINGARFUNDUR Í SEPTEMBER

Kynningarfundur um þjónustu við eldri borgara í Mosfellsbæ er áætlaður í byrjun september. Staður og stund verða auglýst síðar en stefnt er að allir þeir helstu aðilar sem koma að málefnum eldri borgara í Mosfellsbæ kynni sína þjónustu/starfsemi á opnum fundi.

Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

FÉLAG ALDRAÐRA
í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Jónas Sigurðsson formaður
s. 666 1040 *jonass@islandia.is*

Jóhanna B. Magnúsdóttir varaformaður
s. 899 0378 *hanna@smart.is*

Margrét Ólafsdóttir gjaldkeri
s. 863 3359 *margretjako@gmail.com*

Kristbjörg Steingrímsdóttir ritari
s. 898 3947 *krist2910@gmail.com*

Þorsteinn Birgisson meðstjórnandi
s. 898 8578 *thorsteinn.birgis@gmail.com*

Guðrún K. Hafsteinsdóttir 1. varamaður
s. 892 9112 *gunnasjana@simnet.is*

Áshildur Þorsteinsdóttir 2. varamaður
s. 896 7518 *asath52@gmail.com*

Sigraðu grillveisluna!

Allt fyrir grillsumarið!

Velkomin í Nettó Sunnukrika

Opið 9-21

Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Hljómsveitin KALEO er aðalstyrktaraðili Aftureldingar • Mosfellingar í hópferð til Írlands • Öll í merktum treyjum

100 stuðningsmenn á KALEO tónleikum

Hundrað stuðningsmenn Aftureldingar skelltu sér um helgina á tónleika með mosfellsku hljómsveitinni KALEO í Dublin á Írlandi.

KALEO er aðalstyrktaraðili meistaraflokka Aftureldingar en merki hljómsveitarinnar er framan á treyjum liðsins. Hljómsveitarmeðlimir voru að sjálfsögðu í Aftureldingartreyjunum þegar þeir spiluðu í Dublin og stuðningsmennirnir voru einnig í treyjum á áhorfendasvæðinu.

Líklega hafa aldrei verið eins margir í Aftureldingartreyjum á sama stað á erlendri grundu. Í lokalagi kvöldsins fóru síðan nokkrir vaskir stuðningsmenn upp á svið og tóku lagið með KALEO.

Óhætt er að segja að samstarf Aftureldingar og KALEO sé einstakt enda hefur það vakið gríðarlega athygli út um allan heim.

MOSFELLINGAR MÆTTIR Í HÖLLINA

KRISTÍN ÝR, JÓNAS OG HALLI

GEIRI, BIGGI OG KELI

SIGGI OG PÉTUR

SVANNI, MAGGI OG ÖNNURNAR

MOSFELLSBÆR

Verkefnastjóri Eignasjóðs

Umhverfissvið Mosfellsbæjar leitar að verkefnastjóra Eignasjóðs

Mosfellsbær er sveitarfélag í örum vexti og undanfarin ár hefur uppbygging verið mikil og fólksfjölgun í samræmi við það. Áform eru um frekari framkvæmdir innan sveitarfélagsins í takt við þéttingu höfuðborgarinnar í heild. Umhverfissvið vinnur að metnaðarfullum verkefnum til að gera Mosfellsbæ áfram að spennandi búsetukosti. Á sviðinu starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga með ólíka sérfræðikunnáttu. Verkefnastjóri Eignasjóðs hefur umsjón með útboðum, samningum og eftirlit með verktökum.

Verkefnastjóri annast undirbúning og umsjón framkvæmda á mannvirkjum bæjarfélagsins og ber ábyrgð á að framkvæmdir séu innan heimilda gildandi fjárhagsáætlunar.

Verkefnastjóri veitir ráðgjöf vegna hönnunar, framkvæmda og búnaðarkaupa stofnana. Verkefnastjóri skal sýna nákvæmni við utanumhald verkefna og eiga góð samskipti.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/störf

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Verk-, tæknifræði- eða byggingafræðingsmenntun (B. Sc.)
- Framhaldsmenntun sem nýtist í námi er æskileg (s.s. M.Sc) og/eða önnur tengd menntun á sviði mannvirkjagerðar svo sem húsasmíði
- Reynsla á sviði mannvirkjagerðar (að lágmarki 2 ár) er æskileg
- Reynsla og þekking á stjórnun og þá sérstaklega verkefnastjórnun er nauðsynleg
- Þekking á samningagerð vegna hönnunar og framkvæmda
- Haldbær þekking og reynsla á lagaumhverfi umhverfismála og framkvæmda er kostur
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð þekking á Excel, Microsoft Project, teikniforritum og öðrum forritum sem notuð eru við áætlunargerð og framkvæmdi
- Góðir samskiptahæfileikar, þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynlegir
- Góðir skipulagshæfileikar, nákvæmni og samviskusemi skilyrði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hröð úrlausn verkefna er nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði, færni í erlendum tungumálum er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 04. Júlí 2022.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á ráðningarvef Mosfellsbæjar en auk þess veitir Jóhanna B. Hansen framkvæmdastjóri umhverfissviðs upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarráðningu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is

– SPENNANDI VIÐBURÐIR Í HVERJUM MÁNUÐI –

ALLTAF GAMAN OG ALLTAF GOTT VEÐUR

FRÍTT INN

KARAOKE Hit Me Baby One More Time

Fylgstu með dagskránni á Facebooksíðu Keiluhallarinnar. **facebook.com/keiluhollin**
Bókaðu borð tímanlega á keiluhollin@keiluhollin.is

HAPPY HOUR
2 FYRIR 1 AF ÖLLU Á BARNUM
FÖSTUDAGA & LAUGARDAGA
21-23

50% AFSLÁTTUR Í KEILU
MILLI 23-01
FÖSTUDAGA & LAUGARDAGA

RÚTA Í BÆINN
FÖS & LAU

keiluhollin.is

Keiluhöllin EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00



HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

EIN, TVÆR OG FRÍ PIZZA EF ÞÚ SÆKIR

– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

EINN, TVEIR OG FRÍR SHAKE EF ÞÚ SÆKIR

– GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

EIN PIZZA OG SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR ANNARRI VIÐ Á 1.000 KR.
– BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

Pantaðu á **shakepizza.is** eða í síma **5 17 18 19**

shakepizza.is

shake&pizza

#shakeandpizza

KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is

20% AFSLÁTTUR
tilboð alla vikuna

MÁN Hamborgarar
allar stærðir
-20%

-20%
Lamba ribeye
wild garlic
ÞRI

MIÐ Ungnauta file
black garlic
-20%

-20%
Grísahnakki
gyros
FIM

FÖS Lamba file
hvítlauksmarínerað
-20%

-20%
Ungnautalund
deluxe trufflumarínerað
LAU

SUN Lambalundir
í miðjarðarhafs marínering
-20%

GÆÐANAUT KJÖTBÚÐIN

Kjötbúðin • Grensásvegi 48 • Sunnukrika 2 • Sími 571 5511 • kjotbudin@kjotbudin.is
SÆLKERAVERSLUN • GRILL- OG VEISLUÞJÓNUSTA • KJÖTVINNSLA

HAUÐUR OG HAFBERG HAFA BYGGT UPP LAMBHAGA VIÐ LAMBHAGAVEG OG Í LUNDI Í MOSFELLSDAL

Samkomulag um einkaviðræður • Kaupverð um 4 milljarðar

Eik kaupir Lambhaga

Eik fasteignafélag hefur skrifað undir samkomulag um helstu skilmála kaupsamnings um allt útgefið hlutafé í Lambhagavegi 23 og Laufskálum fasteignafélagi, en heildarvirði kaupanna gæti numið allt að 4,2 milljörðum.

Þetta kemur fram í tilkynningu Eikar til Kauphallarinnar.

Hafberg Þórisson stofnaði grænmetisræktina Lambhaga fyrir rúmum 40 árum.

Lambhagavegur 23 á 11.944 fermetra gróðurhús í Úlfarsárdal í Reykjavík auk íbúðarhúsnæðis. Laufskálar eiga lóð og fasteign í Lundi í Mosfellsdal, sem er 6.821 fermetrar auk 14.300 fermetra byggingarheimildar.

Í atvinnuhúsnæði félaganna fer fram grænmetisrækt Lambhaga sem er einnig í eigu seljanda.

Í tilkynningu segir að fjárfestingin bjóði upp á vænlega arðsemi með öflugum leigutaka auk stuðnings við íslenska matvælaframleiðslu.

„Það er mat Eikar fasteignafélags að matvælaframleiðsla sé vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Þá falla viðskiptin vel að yfirlýstum markmiðum stjórnvalda um að auka sjálfbærni og efla fæðuöryggi og aukinni vitundarvakningu neytenda um uppruna og gæði vara," segir í tilkynningunni.

» Lambhagi hóf framleiðslu í Lundi í Mosfellsdal síðastliðið sumar. Lambhagi er stærsti framleiðandi og seljandi á fersku salati og kryddjurtum á landinu og er nú búið að reisa einn þriðja af stöðinni í Mosfellsdal.

Grænfánanum flaggað í annað sinn • Mikil vinna að baki

Lágafellsskóli er grænfánaskóli

Þann 7. júní fékk Lágafellsskóli grænfánann í annað skipti.

Mikil vinna er búin að eiga sér stað í umhverfismálum bæði hjá nemendum og starfsfólki. Í stórum skóla er oft erfitt að framkvæma breytingar þannig að allir séu jákvæðir fyrir þeim og þannig var það líka í Lágafellsskóla en að lokum voru allir sáttir.

Til að geta flaggað grænfána þarf að setja niður markmið sem unnið er með í tvö ár. Þau markmið sem Lágafellsskóli ákvað að vinna að voru eftirfarandi:

1) Bæta flokkun í skólastofum.
2) Endurnýta verðlaust efni í nemendaverkefnum.
3) Vinna fjölbreytt verkefni tengd úrgangi og neysluhegðun.
4) Bæta merkingar á flokkunartunnum.
5) Bæta flokkunaraðstöðu á kennarastofu.

Öll þessi verkefni voru unnin sl. tvö ár af nemendum og starfsfólki. Með samstilltu átaki tókst að klára þau markmið sem sett voru í upphafi þó svo að Covid hafi verið við völd svo til allan tímann.

MOSFELLSBÆR

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum
má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins:
www.mos.is/storf

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

LEIKJA VAGNINN

Leikjavagn UMSK verður við Hlégarð Mosfellsbæ
24. 27. 28. og 29. júní kl. 13 – 16

UMSK 1922 – 2022 100 ÁRA

100 ÁRA UMSK

SJÁUMST Í MOSFELLSBÆ!

FÓTBOLTA TENNIS • RINGO • KROLF • BOCCIA
MEGA JENGA • SPIKE BALL • KUBB • GOALFRISBEE
KROSSNETT BLAK ULTIMATE FRISBEE • KEPPNI
LEIKIR OG SPREELL • TÓNLIST

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Mosfellsbær
vellíðan fyrir alla

Vínklúbbur Mosfellsbæjar

Forskráning hafin fyrir Vínklúbb Mosfellsbæjar í haust!

https://www.dineout.is/blik/haust2022

BLIK BISTRO • GRILL

Ný vefsíða

Matseðill | Annað | Take away

http://blikbistro.is



BLIK

BISTRO • GRILL

Æðarhöfða 36, 270 Mosfellsbæ - Sími: 566 8480 - blikbistro.is

Fimmtudagar
eru pizza dagar

12 tommu pizza af matseðli
hvort sem þú sækir eða borðar á staðnum

kr. 1.990

Pizza vikunnar
Bjóðum upp á nýja
pizzu í hverri viku

Bjór 900 kr.
Léttvínsglas á 1.000 kr.

Happy Hour
alla daga
kl. 16:00-18:00

BLIK
BISTRO • GRILL

Æðarhöfða 36, 270 Mosfellsbæ - Sími: 566 8480 - blikbistro.is

GRÖFUÞJÓNUSTA | LÓÐARFRAMKVÆMDIR | RÁÐGJÖF

770-0042
lodarvinna@gmail.com
lodarvinna

LÓÐARVINNA

HÁGÆÐA GLUGGAR & HURÐIR
FRÁ DANMÖRKU

STRÚKTÚR

FAGMENN Í FASTEIGNAVIÐSKIPTUM

ALLT
FASTEIGNASALA

Páll Þorbjörnsson
pall@allt.is
Sími: 560 5501

Bjarklind Þór
bjarklind@allt.is
Sími: 560 5513

Einar Gunnarsson
einar@allt.is
Sími: 560 5512

Anna Þóra
Jóhannsdóttir
anna@allt.is
Sími: 560 5517

Aron Már
Smárason
aron@allt.is
Sími: 560 5516

Margrét Sæunn
Axelsdóttir
margret@allt.is
Sími: 560 5519

Bjarni Lárusson
bjarni@allt.is
Sími: 560 5518

Kristinn Sigurbjörnsson
kristinn@allt.is
Sími: 560 5502

ALLT fasteignasala Sími 560 5505 allt@allt.is allt.is

Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga

Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglinga í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar um námskeiðin munu koma inn á www.mos.is.

Stuðningur
Frístundasvið í samvinnu við fjölskyldusvið Mosfellsbæjar benda foreldrum á að boðið er upp á stuðning fyrir börn og ungmenni með sérþarfir inn á sumarnámskeið og sumarvinnu sem í boði eru í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar gabrielagunnars@mos.is

Ert þú að halda námskeið?
Öll þau sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglinga geta sent upplýsingar á netfangið dana@mos.is

CARISSA BAKTEY

Listasalur Mosfellsbæjar

Hrosshár í sviðsljósinu

Júlímánuður hefst á nýrri sýningu í Listasal Mosfellsbæjar. Sýningin kallast Person, Place, Thing og er eftir Carissu Baktay. Carissa er kanadískur listamaður sem býr á Íslandi og rekur glerverkstæði á Kjalarnesi.
Verkin á sýningunni eru unnin í ýmsa miðla og aðalefniviðurinn er hrosshár. Sýningaropnun er föstudaginn 1. júlí kl. 16-18 og síðasti sýningardagur er 29. júlí. Opið er kl. 9-18 alla virka daga.
Næstur til að sýna í listasalnum eftir Carissu er Listapúkinn Þórir Gunnarsson. Sú sýning hefst 5. ágúst.



Jóga

í Bókasafni
Mosfellsbæjar
20. júlí kl. 16:30
í boði Indverska
sendiráðsins á Íslandi

Íbúar, félagasamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ eru hvött til að taka virkan þátt í hátíðarhöldunum.

Í túninu HEIMA

VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT?

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima, verður haldin dagana **26.-28. ágúst**. Hátíðin er sannkölluð fjölskylduhátíð þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttri dagskrá.
Ef þið lumið á hugmyndum eða viljið vera með viðburði, þá endilega sendið póst á ituninuheima@mos.is.

TRÍÓ

MÁNAÐARINS

→ EIN STÓR PIZZA ←

1.990 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR

PANTAÐ Á NETINU EÐA MEÐ APPINU OG GREITT FYRIR FRAM

STÓR -PIZZA-

3

ÞRJÁR PIZZUR AF MATSEÐLI Á SJÓÐHEITU TILBOÐSVERÐI Í HVERJUM MÁNUÐI

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

MATS

AÐALRÉTTIR • MAIN COURSES

NAUTALUND 200 GR
Bernaise-sósa, ristað rótargrænmeti og bökuð kartafla
- Beef Tenderloin 200 g
Bernaise sauce and fried vegetables and baked potato
4.895 kr.

LAMBA FILLET
Ristað rótargrænmeti, bökuð kartafla og rjómalöguð villisveppasósa
- Lamb Fillet
Roasted root vegetables, baked potato and creamy mushroom sauce
4.595 kr.

GRILLUÐ KJÚKLINGABRINGA
Ristað rótargrænmeti, bökuð kartafla, og pestósósa
- Grilled Chicken Breast
Roasted root vegetables, baked potato and pesto sauce **3.695 kr.**

OPIN STEIKARLOKA
Nautabynnur, sveppir, laukur, íssalat, bernaise-sósa og franskar kartöflur
- Open Steak Sandwich
Thinly sliced beef, mushrooms, onions, lettuce, bernaise sauce and french fries **2.995 kr.**

GRATÍNERAÐ LASAGNE
Borið fram með fersku salati og hvítlauksbrauði
- Oven-Baked Lasagne
Served with fresh salad and garlic bread **2.995 kr.**

GRÍSARIF BBQ/KÓRESK
BBQ-mayo eða kóresk sósa og franskar
- Ribs BBQ/Korean
BBQ-mayo or Korean-sauce and crispy fries
3.495 kr.

VÆNGIR • WINGS

KRISPÍ 270 GR. - CRISPY 270 G
BBQ-vængir - *BBQ-mayo, BBQ-sósa, hvítlaukssósa*
- BBQ Wings - *BBQ mayo, BBQ sauce and garlic sauce*
1.895 kr.

Hot-vængir - *Hot-sósa, gráðostasósa, chilihunang*
- Hot Wings - *Hot sauce, blue cheese sauce and chili honey*
1.895 kr.

Kóreskir vængir - *Kóresk BBQ-sósa, wasabi baunir*
- Korean Wings - *Korean BBQ sauce and wasabi peas*
1.895 kr.

BEINLAUSIR 250 GR. - BONELESS 250 G
BBQ-vængir - *BBQ-mayo, BBQ-sósa, hvítlaukssósa*
- BBQ Wings - *BBQ mayo, BBQ sauce and garlic sauce*
1.995 kr.

Hot-vængir - *Hot-sósa, gráðostasósa, chilli hunang*
- Hot Wings - *Hot sauce, blue cheese sauce and chili honey*
1.995 kr.

Kóreskir vængir - *Kóresk BBQ-sósa, wasabi baunir*
- Korean Wings - *Korean BBQ sauce and wasabi peas*
1.995 kr.

BLÓMKÁL 250 GR. - CAULIFLOWER 250 G vegan
BBQ-blómkálsvængir - *BBQ-mayo og BBQ-sósa*
- BBQ Cauliflower Wings - *BBQ mayo and BBQ sauce*
1.995 kr.

Hot-blómkálsvængir - *Hot-sósa og chipotle-mayo*
- Hot Cauliflower Wings - *Hot sauce and chipotle mayo*
1.995 kr.

Kóreskt blómkál - *Kóresk BBQ-sósa, wasabi baunir*
- Korean Cauliflower Wings - *Korean BBQ Sauce and wasabi peas*
1.995 kr.

SMÁRÉTTIR • SMALL DISHES

NAUTA CARPACCIO
Karmeliseraðar pekanhnetur, klettasalat, kryddolía, sítróna og parmesan ostur.
- Beef Carpaccio
Caramelized pecans, rucola, herb oil, lemon and parmesan cheese **2.295 kr.**

MOZZARELLA STANGIR MEÐ SALSASÓSU
- Mozzarella Sticks with Salsa Sauce **1.295 kr.**

LAUKHRINGIR MEÐ CHILI MAYO
- Onion Rings with Chili Mayo **1.295 kr.**

JALAPENO BELGIR MEÐ SALSASÓSU
- Jalapeno Pods with Salsa Sauce **1.295 kr.**

KÓKOS RÆKJUR MEÐ SWEET CHILI
- Coconut Shrimp with Sweet Chili **1.495 kr.**

BLANDAÐUR SMÁRÉTTADISKUR
Mozzarella stangir, laukhringir og jalapeno belgir
- Mixed small plate
Mozzarella Sticks, Onions Rings and Jalapeno Pods **3.695 kr.**

HVÍTLAUKSBRAUÐ
- Garlic Bread **1.295 kr.**

NACHOS
Ostasósa, rifinn ostur, sýrður rjómi, salsasósa og guacamole
- Nachos
Cheese sauce, grated cheese, sour cream, salsa and guacamole
2.195 kr.

SUPER NACHOS
Ostasósa, rifinn ostur, kjúklingur, nýrnabaunir, jalapeno, sýrður rjómi, salsasósa, guacamole
- Super Nachos
Cheese sauce, grated cheese, chicken, kidney beans, jalapeno, sour cream, salsa sauce, guacamole
2.695 kr.

EFTIRRÉTTI

ÍSBLANDA (vanillu - jarð
með karamellusósu og þeytt
- Mixed Ice Cream (vanilla -
with caramel sauce and whip

GULRÓTARKAKA
með þeyttum rjóma og karam
- Carrot Cake
with whipped cream and cara

DJÖFLATERTA Gluten Free
með þeyttum rjóma og súkku
- Chocolate Cake
with whipped cream and cho

VOLG SÚKKULAÐIKAKA
með vanilluís, rjóma og fersk
- Warm Chocolate Cake
with vanilla ice cream, cream

BAR
MO
ÞVERHOLTI 1 | 270 MOS
WWW.BARION.IS |
HAP
HO
Á BA
KL. 16:00-18
BJÓR | LÉTT
75

SEÐILL

NÝTT Á BARION

• DESSERTS

ja - súkkulaði)
jóma
awberry - chocolate)
cream 1.195 kr.

sósu
sauce 1.195 kr.

sósu
te sauce 1.195 kr.

berjum
fresh berries 1.495 kr.

si

ion
ó

SBÆ | S. 787-7000
ION@BARION.IS

PY
UR
ION
ALLA DAGA
| FREYÐIVÍN
0 KR.

KARTÖFLURÉTTIR • POTATOES

KRISPÍ FRANSKAR vegan
- Crispy Fries 995 kr.

FRÖLLURNAR HANS FRANKS
Hvítlaukssósa, Frank's hot sauce
- Frank's Fries
Garlic sauce and Frank's hot sauce 1.295 kr.

TRUFFLUFRANSKAR
Trufflumayo, parmesan og trufflu zest
- Truffle Fries
Truffle mayo, parmesan cheese and truffle zest 1.295 kr.

SÆTKARTÖFLUFRANSKAR vegan
- Sweet Potato Fries 995 kr.

SMÆLKI vegan
Djúpsteikt kartöflusmælki með sjávarsalti
- Baby Potatoes
Deep fried small potatoes with sea salt 995 kr.

BÖKUÐ KARTAFLA vegan
- Baked Potato 695 kr.

*Hægt er að fá alla frönskurétti sem smælki
- *Fries can be substituted with Baby Potatoes*

SALÖT • SALADS

KJÚKLINGASALAT BARION
Ferskt salat, tómatar, agúrka, egg, sultaður rauðlaukur, brauðteningar, jarðarber, volgur kjúklingur og sinnepssósa
- Chicken Salad
Fresh salad, tomatoes, cucumber, eggs, jammed red onion, croutons, strawberries, warm chicken and mustard sauce
2.995 kr.

RISARÆKJUSALAT
Risarækjur, klettasalat, romaine salat, kirsuberjatómatar, radísur, mangó salsa
- Giant Shrimp Salad
Giant shrimp, rucola, romaine lettuce, cherry tomatoes, radishes, mango salsa
3.195 kr.

STEIKARSALAT
Nautakjöt, salat, laukur, fetaostur, kirsuberjatómatar, wasabi sesam, ristaður hvítlaukur, brauðteningar, trufflumayo
- Steak Salad
Beef, lettuce, onion, feta cheese, cherry tomatoes, wasabe sesame, roasted garlic, croutons and truffle mayo
3.195 kr.

BLÓMKÁLSSALAT vegan
Blómkál, salat, spínat, paprika, jarðarber, pikklaður rauðlaukur, kirsuberjatómatar, brauðteningar, ristaður kókos, Hot-, BBQ- eða kóreskir-blómkálsvængir
- Cauliflower Salad
Cauliflower, lettuce, spinach, bell pepper, strawberries, pickled red onion, cherry tomatoes, croutons, toasted coconut flakes, Hot-, BBQ- or Korean Cauliflower wings
3.195 kr.

BORGARAR BURGERS

BORNIR FRAM MEÐ FRÖNSKUM
SERVED WITH FRENCH FRIES

BARION BORGARI
175 gr nautakjöt, salat, rauðlaukur, ostur, beikon, BBQ-mayo, chilihunang
- Barion Burger
175 g beef, lettuce, red onion, cheese, bacon, BBQ mayo, chili honey 3.195 kr.

BARION OSTBORGARI
140 gr nautakjöt, salat, hamborgarasósa
- Barion Cheeseburger
140 g beef, lettuce, hamburger sauce 2.495 kr.

KJÚKLINGABORGARI
lárperumayo, tómatur og salat borinn fram með salsasósu og nachos
- Chicken Burger
avocado mayo, tomatoes and lettuce served with salsa sauce and nachos 2.895 kr.

BEIKON BORGARI
140 gr nautakjöt, beikon, pikkluð agúrka, ostur, salat, tómatur og hvítlaukssósa
- Bacon Burger
140 g beef, bacon, pickled cucumber, cheese, lettuce, tomatoes and garlic sauce 2.895 kr.

SMASH OSTBORGARI
120 gr nautakjöt, ostur, sósa, kál, tómatur, agúrka og salat
- Smash Cheeseburger
120 g beef, cheese, sauce, lettuce, tomato, cucumber and salad 2.595 kr.

PULLED PORK BORGARI
kál, pikklaður laukur, BBQ-mayo
- Pulled Pork Burger
lettuce, pickled onion, BBQ-mayo, 2.995 kr.

VEGAN BORGARI vegan
Moving Mountain veganborgari með basilpestó, lárperu og salatblöndu
- Vegan Burger
Moving Mountain vegan burger with basil pesto, avocado and lettuce 2.995 kr.

BARNARÉTTIR • CHILDREN'S MENU

BARNABORGARI *(kál, ostur og kokteilsósa)*
- Kids Burger *(lettuce, cheese and sauce)* 1.195 kr.

KJÚKLINGANAGGAR 895 kr.
- Chicken Nuggets

GRJÓNAGRAUTUR 695 kr.
- Rice Pudding

BARNABÁTUR *(Hlölli að eigin vali)* 1.195 kr.
- Children's Hlölla Sandwich

MOSFELLSBÆR

Tillaga að deiliskipulagi

Frístundabyggð í Miðdalslandi, Mosfellsbæ

Mosfellsbær auglýsir hér með tillögu að nýju deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010:

Um er að ræða nýtt deiliskipulag milli Nesjavallavegar og Selvatns, á 5 ha. lóð með landnr. 213970. Samkvæmt tillögunni er landinu skipt upp í sex frístundalóðir þar sem heimilt verður að reisa fimm frístundahús allt að 130 m² og eitt allt að 200 m². Aðkoma að lóðunum er um veg sem liggur frá Nesjavallavegi.

Tillagan er aðgengileg í Þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, svo þau sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig kynnt á vef Mosfellsbæjar á slóðinni www.mos.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti á skipulag@mos.is.

Athugasemdafrestur er frá 23. júní til og með 8. ágúst 2022.

Skipulagsfulltrúi í Mosfellsbæjar
Kristinn Pálsson

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

AÐ LOKNUM SÍÐASTA SUND-TÍMANUM Á REYKJALUNDI

Síðasti ungbarnasundstími Óla Gísla eftir 22 ára starf

Þann 10. júní var merkisstund á Reykjalundi þegar íþróttakennarinn og ungbarnasundþjálfarinn Óli Gísla stýrði sínum síðasta tíma í ungbarnasundi.

Óli Gísla hefur boðið upp á tíma í ungbarnasundi í sundlaug Reykjalundar allt frá árinu 2001. Sundkennsla hans hefur notið gríðarlegra vinsælda og hafa flest árin verið bæði í boði byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið í ungbarnasundinu.

Óli hefur nú ákveðið að draga sig í hlé á þessum vettvangi og afhent Fabio La Marca keflið en Fabio mun taka við ungbarnasundtímum í Reykjalundarlauginni næsta haust.

Hafdís Huld söng í síðasta tímanum

Það var fjöldi manns viðstaddur þennan síðasta kennslutíma Óla Gísla. Söngkonan Hafdís Huld stýrði söngnum í tímanum ásamt gítarleikara en allir tímarnir ganga mikið út á söng og leiki með börnunum. Sérstakur gestur var Snorri Magnússon en hann er nánast guðfaðir ungbarnasundkennslu hér á landi.

Reykjalundi fannst vel við hæfi að færa Óla smávægilega kveðju á þessum tímamótum en það var Myndagleði Heklu og Röggu sem smellti af fjölda mynda við þetta tækifæri, meðal annars þessari sem fylgir fréttinni.

Á myndinni eru frá vinstri: Helgi Kristjónsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Reykjalundar, Óskar Jón Helgason, framkvæmdastjóri þjálfunar og ráðgjafar á Reykjalundi, Pétur Magnússon forstjóri Reykjalundar, Óli Gísla sjálfur, Fabio La Marca og Snorri Magnússon.

Reykjalundur þakkar Óla kærlega fyrir samfylgdina og samstarfið á öllum þessum árum og óskar honum allra heilla í nýjum verkefnum.

Leikjavagn UMSK við Hlégarð 24., 27., 28. og 29. júní

Gera lífið skemmtilegra með leikjakerru

„Við erum að gera lífið skemmtilegra! Þessi leikjakerra er stórskemmtileg, full af allskonar dóti og leikjum sem hægt er að setja upp með litlum fyrirvara við ýmis tilefni," segir Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK).

Þetta er regnhlíf fjölmargra íþróttafélaga á höfuðborgarsvæðinu, Kraganum svokallaða. Aturelding og aðildarfélög eru innan sambandsins.

UMSK hefur ráðið tvo starfsmenn til að aka með leikjakerruna um höfuðborgarsvæðið í sumar. Annar þeirra er Jörgen Nilsson sem margir þekkja úr Ungmennabúðum UMFÍ bæði í Sælingsdal og á Laugarvatni. Hann ætlar ásamt þýska íþróttafræðinemanum Lennart Zepper að aka um sambandssvæði UMSK á höfuðborgarsvæðinu og setja upp leikjagarða þar sem kerran stoppar.

Leikjavagninn í Mosó næstu daga

Ferð leikjakerrunnar hefst við Hlégarð í Mosfellsbæ og verður hún þar í nokkra daga.

„Við erum búnir að aka um Mosfellsbæ þveran og endilangan. Fólk hefur mikinn áhuga á dótinu okkar enda er kerran full af skemmtilegheitum. Öllu fólki á öllum aldri er velkomið að koma og skemmta sér með okkur. Leikirnir eru endurgjaldslausir og stórskemmtilegir fyrir alla," segir Valdimar Gunnarsson.

Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2022

Óskað er eftir umsóknum og tilnefningum um bæjarlistamann Mosfellsbæjar 2022

Menningar- og nýsköpunarnefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum í Mosfellsbæ og/eða rökstuddum ábendingum um einstaklinga eða samtök listamanna sem hljóta nafnbótina Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2022. Þau ein koma til greina við tilnefningu bæjarlistamanns sem hafa verið virk í listgrein sinni og búið í Mosfellsbæ um tveggja ára skeið.

Bæjarlistamaður mun á því ári sem hann er tilnefndur í samvinnu við menningar- og nýsköpunarnefnd kynna sig og verk sín innan Mosfellsbæjar. Ennfremur mælist nefndin til þess að „Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar“ láti nafnbótina koma fram sem víðast, bænum og listamanninum til framdráttar. Auk nafnbótarinnar er bæjarlistamanni veittur menningarstyrkur og verður útnefning að vanda tilkynnt í tengslum við bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima.

Umsóknir og ábendingar skulu berast rafrænt í gegnum vef bæjarins og þurfa að hafa borist í síðasta lagi 1. ágúst 2022. Nánari upplýsingar á vef Mosfellsbæjar, www.mos.is.

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700

Hlín Magnúsdóttir Njarðvík *deildarstjóri stoðþjónustu í Helgafellsskóla segir samskipti heimilis og skóla einkennast af samvinnu*

Skólar eru skemmtilegir staðir

Hlín Magnúsdóttir Njarðvík hefur starfað mjög lengi með börnum, í dag stýrir hún stoðþjónustu þar sem hún leggur mikla áherslu á fjölbreytt og áhugahvetjandi námsefni ásamt því að flétta daglegt líf inn í nám barnanna að mestu leyti.

Hlín heldur einnig úti námssamfélaginu Fjölbreyttar kennsluaðferðir fyrir fjöruga krakka en þar deilir hún bæði hugmyndum og námsefni sem hún hannar sjálf til annarra kennara og foreldra.

Hlín Magnúsdóttir Njarðvík er fædd í Reykjavík 17. apríl 1986. Foreldrar hennar eru Stefanía Anna Árnadóttir leikskólastarfsmaður og Magnús Steinn Loftsson leikari.

Hlín á fjögur systkini, Ingibjörgu f. 1980, Árna Dag f. 1989, Ástu f. 1994 og Katrínu f. 1994.

Kósý kvöldin standa upp úr

„Ég ólst upp í Vesturbænum í Reykjavík og það var alveg dásamlegt að alast þar upp. Stutt í skólann, stutt í vinina og hverfissjoppan stóð alltaf fyrir sínu, það var alltaf líf og fjör. Mínar dýrmætustu æskuminningar eru augnablikin þar sem ég var að leika við systkini mín á hverfisrólónum, leigja vídeóspólu með pabba og borða sveittan hamborgara frá Hróa Hetti með mömmu.

Systkinahópurinn er stór svo það var alltaf líf og fjör á heimilinu, foreldrar okkar lögðu alltaf mikið upp úr kósýkvöldum og hjá okkur var alltaf mikil tilhlökkun. Þetta er til dæmis eitt af því sem ég hef tekið með mér í uppeldi barnanna minna," segir Hlín og brosir.

Gaman að gleyma sér í gleðinni

„Ég gekk í Melaskóla og Hagaskóla og hef alltaf haft gaman af því að vera í skóla. Það er nefnilega alltaf gaman að læra eitthvað nýtt og það er kannski ástæðan fyrir því að ég endaði í skóla á fullorðinsárum, skólar eru skemmtilegir staðir.

Á skólaárunum var maður alltaf að bralla eitthvað sniðugt með vinunum, hvort sem það var að stofna hljómsveit og rappa á Gauki á Stöng fyrir framan öll átrúnaðargoðin á þeim tíma eða að fara saman á tónleika. Vinahópurinn hefur haldið sambandi í gegnum öll þessi blessuðu ár og það er alltaf jafn gaman að gleyma sér í gleðinni með þeim.

Ég fór síðan í Menntaskólann við Hamrahlíð á félagsfræðibraut þar sem ég féll fyrir sálfræðinni, þar tók ég eins marga sálfræðiáfanga og ég gat og naut þess í botn."

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

Dýrmæt augnablik í hinu daglega lífi

Hlín er gift Gunnari Lár Gunnarssyni framkvæmdastjóra og eiganda viðburðafyrirtækisins Manhattan Events. Þau eiga þrjú börn, Hlyn Lár f. 2010, Anítu Björk f. 2014 og Jökul Lár f. 2019.

„Við fjölskyldan erum mjög samrýmd og ótrúlega heimakær, við erum með kósýkvöld í hverri viku, horfum saman á bíómyndir og förum í heita pottinn. Við höfum líka gaman af að ferðast og sjá nýja staði saman.

Annars eru það dýrmætu augnablikin í hinu daglega lífi sem gefa okkur mest, spjallið eftir skóladaginn, hláturinn við matarborðið, kvöldröltið og svo spjallið sem á sér stað akkúrat þegar þau eru að fara að sofa."

Fjölskyldan: Aníta Björk, Hlynur Lár, Hlín, Jökull Lár og Gunnar Lár.

Áherslurnar eru mismunandi

Síðustu ár hefur Hlín starfað í skólum, fyrst sem kennari á Stuðlum í eitt ár og svo sérkennari í Norðlingaskóla í fimm ár. Núna starfar hún sem deildarstjóri stoðþjónustu í leik- og grunnskólanum Helgafellsskóla og er að klára sitt annað ár í því starfi.

Hún er með meistaragráðu í uppeldis- og menntunarfræðum ásamt BA-gráðu í sálfræði og diplomagráðu í kennslufræðum, málþroska og læsi.

„Starfið mitt felst aðallega í því að þróa og styðja við alla stoðþjónustu í skólanum í samvinnu við starfsfólkið. Þetta er stuðningskerfi við almenna kennslu en áherslurnar eru mismunandi og fara eftir þörfum einstaklingsins. Ég er svo heppin að vera með virkilega flott fólk í mínu stoðteymi, sérkennara, iðjuþjálfa, námsráðgjafa og þroskaþjálfa, allir með það að leiðarljósi að leyfa styrkleikum og áhugasviði barnanna að njóta sín.

Dagarnir í vinnunni er misjafnir en allir snúast þeir um nemendur og hvernig hægt er að aðlaga skólastarfið að þeirra þörfum."

Verkefnamiðað nám

Hlín sinnir fjölbreyttum verkefnum daglega, finnur námsefni við hæfi með aðstoð sérkennara, sinnir foreldrasamskiptum, leitar til annarra fagaðila t.d sálfræðings eða talmeinafræðings til að fá ráðgjöf, skimar fyrir lestrarvanda og heldur utan um aðrar skimanir, fundarhöld ásamt því að spjalla við börnin sjálf.

> ***Ég held ótrauð áfram að leggja mitt af mörkum svo að brúin milli heimilis og skóla sé stutt, stöðug og sterk.***

„Í Helgafellsskóla vinnum við mikið með verkefnamiðað nám, við reynum að flétta daglegt líf inn í nám barnanna að sem mestu leyti. Fókusinn minn er alltaf hvaða verkfæri þurfa börnin að hafa til þess að geta tekist á við áskoranir og hvernig við getum gert námið forvitnilegt og áhugavert, til þess að vita það þá er langbest að spjalla við börnin. Við stjórnendur leggjum líka mikið upp úr því að þau geti alltaf komið til okkar ef þeim liggur eitthvað á hjarta."

Vinnum að sama markmiði

„Stoðþjónustan er samvinna milli skóla, foreldra og nemenda m.a. á þann hátt að skólinn þekkir bekkjarnámskrána og hæfniviðmiðin ásamt því að þekkja fjölbreytt úrræði, foreldrar geta stutt við námið heima og nemandinn nýtir sína styrkleika og áhugasvið til að læra nýja þekkingu.

Ég hef alltaf haft það sem markmið bæði sem foreldri og starfsmaður í skóla að hafa samskiptin milli heimilis og skóla sem best, að þau einkennist af trausti, virðingu og samvinnu. Að barnið finni að það eigi bandamenn á báðum stöðum og verið sé að vinna að sama markmiðinu, að barninu líði vel og það fái tækifæri til að blómstra í lífinu."

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

„Ég er líka með „smá" aukavinnu, en ég held úti litlu námssamfélagi sem ég kalla Fjölbreyttar kennsluaðferðir fyrir fjöruga krakka. Ég deili námsefni, hugmyndum og ráðgjöf á samfélagsmiðlum og hef haldið fyrirlestra, allt í nafni Fjölbreyttrar kennslu.

Það er alveg dásamlegt að vinna þessa vinnu svona á kantinum, það gefur mér mikið að búa til námsefni á kvöldin þegar börnin mín eru sofnuð.

Mitt helsta áhugamál er nám og kennsla, ég ver miklum tíma í að kynna mér hvort tveggja, hvort sem það er að lesa greinar, skoða námsefni eða kynna mér hvað aðrir skólar eru að gera, bæði hér heima og erlendis. Ég sæki mikið ráðstefnur og námskeið og svo hef ég ansi gaman af því að mennta mig sjálf," segir Hlín og brosir.

Ég held ótrauð áfram

„Ég tel mig vera í einstakri stöðu þar sem ég fæ tækifæri til að ná bæði til foreldra og fagfólks með fróðleik og námsefni bæði í gegnum starf mitt og í gegnum Fjölbreyttar kennsluaðferðir fyrir fjöruga krakka.

Ég held ótrauð áfram að leggja mitt af mörkum svo að brúin milli heimilis og skóla sé stutt, stöðug og sterk."

HIN HLIÐIN

Hvað hefur haft mest áhrif á líf þitt? Að eignast börn.

Uppháhaldsvefsíða? Fjolbreyttkennsla.is

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert? Ferðast um Evrópu þegar ég var tæplega tvítug.

Skrítnasta upplifunin? Þegar ég var næstum rænd af apa á Gíbraltar.

Hvað keyptir þú síðast fyrir heimilið? Spil í Barnaloppunni.

Besti drykkurinn? Ískaldur Nocco.

Hvað heillar þig í fari fólks? Einlægni og húmor.

Hvaða lag hefðir þú viljað hafa samið? I would walk 500 miles.

DUGNAÐARFORKUR

3 ÁRA SKJÁTA

HLYNUR LÁR, JÖKULL LÁR OG ANÍTA BJÖRK

Myndir: Ruth Örnólfsdóttir og úr einkasafni.

KRAFTUR

BERUM **ARMBANDIÐ** OG SÝNUM **KRAFT** Í VERKI

Með kaupum á nýja „Lífið er núna“ armbandinu styrkir þú ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Armböndin fást í völdum Krónuverslunum og á lifidernuna.is

PIPARKORN Á SVIÐINU

Vorkvöld í Álafosskvos • Fjáröflunarkvöld Mosverja

Vel heppnuð tónleikaröð

Skátafélagið Mosverjar stóð fyrir skemmtilegri tónleikaröð á dögunum þar sem safnað var fyrir eldhúsi í skátaheimilið.

Haldnir voru fernir tónleikar á fimmtudagskvöldum og komu fram hinir ýmsu listamenn sem gáfu vinnu sína. Sölvi Kolbeins og Birgir Steinn djössuðu, Bræðrabandið spilaði, Svavar Knútur mætti með gítarinn og hljómsveitin Piparkorn lokaði dagskránni 2. júní.

Haustið 2016 festi skátafélagið kaup á Álafossvegi 18. Með aðstoð góðra velunnara og sjálfboðaliða var húsið standsett undir starfið og salur innréttaður í austurenda hússins. Hægt og rólega hefur einnig lóðinni verið breytt þannig að hún nýtist starfinu betur og eitt og annað verið lagað og fært í betra horf. Það hefur lengið verið auðséð að eldhúsið í húsinu hentar alls ekki fyrir starfið og að það þurfi að ráðast í breytingar á því. Því var ákveðið að prufa nýja fjáröflunarleið; Fjáröflunartónleika.

Næsta blað kemur út:

23. ÁGÚST - HÁTÍÐARBLAÐ

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, föstudaginn 19. ágúst.

MOSFELLSBÆR

Opinn kynningarfundur vegna nýs skipulags á Blikastöðum

Íbúafundur vegna skipulags verslunar-, þjónustu- og athafnasvæðis á Blikastaðalandi í Mosfellsbæ verður haldinn **mánudaginn 27. júní nk. kl. 17:00-18:30** í sal framhaldsskólans í Mosfellsbæ, Fmos, Háholti 35.

Á fundinum kynna hönnuðir og ráðgjafar skipulagsins hugmyndir og áform um uppbyggingu. Í framhaldi verða umræður og spurningar. Fundurinn er öllum opinn.

Skipulagið er í kynningu og má nálgast gögn á vef sveitarfélagsins: **www.mos.is/skipulagsauglysingar**

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN

BÓL

Þakkar öllum fyrir frábæran vetur & óskar öllum gleðilegs sumars.

Bólið verður í samstarfi við Vinnuskólann með POP-UP viðburði í sumar.

Fylgist með á instagram!

@bolid270

sjáumst öll hress eftir sumarið x

BóL

Óskað eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar óskar eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga Mosfellsbæjar fyrir árið 2022.

Umhverfisnefnd veitir árlega umhverfisviðurkenningar völdum aðilum í Mosfellsbæ sem skarað hafa fram úr í umhverfismálum.

Óskað er eftir tilnefningum frá almenningi um hver hljóta skuli þessa viðurkenningu nú í ár.

Hægt er að tilnefna einstaklinga, garða, götur, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ.

Tilnefningar má senda rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar eða með tölvupósti á mos@mos.is, og skulu berast fyrir 1. ágúst 2022.

Umhverfisnefnd mun fara yfir innsendar tilnefningar að því loknu og veita þeim sem verða fyrir valinu viðurkenningar við sérstaka athöfn á bæjarhátíðinni Í túninu heima í lok ágúst.

MOSFELLSBÆR

Góður árangur á Norðurlandamóti í Svíþjóð

KEPPENDUR AFTURELDINGAR

14 Íslendingar tóku þátt í Norðurlandamóti í taekwondo í Svíþjóð helgina 4.-5. júní og þar af voru 4 frá Aftureldingu: Justina Kiskeviciute, Regína Bergmann Guðmundsdóttir, Wiktor Sobczynski og yfirþjálfari deildarinnar Arnar Bragason.

Wiktor, Justína og Arnar kepptu í bardaga og enduðu Arnar og Wiktor með silfur og Justína með brons.

Síðan kepptu Justína og Regína í Poomsae en þær voru í 24 manna flokki og komust ekki í úrslit en stóðu sig mjög vel.

Þessir 3 ungu keppendur eiga klárlega fleiri Norðurlandamót og önnur erlend mót fram undan næstu árin og eiga eflaust eftir að safna fleiri verðlaunum og jafnvel Norðurlandameistaratitlum.

Meistaraflokkarnir á sigurbraut

Meistaraflokkar Aftureldingar í knattspyrnu gerðu góða ferð á útivelli í síðustu viku.

Meistaraflokkur kvenna lagði Selfoss 1-0 á útivelli í Bestu deildinni á meðan meistaraflokkur karla lagði Þrótt Vogum á útivelli með sömu markatölu í Lengjudeildinni.

Meistaraflokkur karla fær Þór í heimsókn á Malbikstöðina á morgun, föstudag, áður en liðið leikur við Kórdrengi í 16-liða úrslitum Mjólkurbikarsins í Safamýri á mánudag.

Meistaraflokkur kvenna er hins vegar í pásu þar til í byrjun ágúst þar sem fram undan er EM kvenna í Englandi.

Fimm Mosfellingar í U-16 landsliðinu

Fimm strákar úr Aftureldingu hafa spilað með U-16 landsliðinu í handbolta að undanförnu. Liðið tók meðal annars þátt í móti í Færeyjum og voru okkar strákar meira að segja allir inn á í einu á ákveðnum tímapunkti.

Frá vinstri á myndinni: Stefán Magni Hjartarson, Jökull Einarsson, Sigurjón Bragi Atlason, Daníel Bæring Grétarsson og Haukur Guðmundsson.

STRÁKARNIR OKKAR

UNDIRBÚNINGUR FYRIR ÆFINGU

Fótboltastelpur úr Aftureldingu á Spáni • Minningar

Geggjuð æfingaferð

4. flokkur kvenna skellti sér í æfingaferð til Salou þann 3. júní. Stelpurnar eru búnar að vera ótrúlega duglegar í vetur og safna fyrir ferðinni.

Mikil eftirvænting og gleði skein úr andlitum þeirra þegar stundin rann upp. Stelpurnar voru til fyrirmyndar, tóku 9 æfingar á 6 dögum við geggjaðar aðstæður í Salou, pínu heitt en það reddaðist.

Þær gerðu þó meira en að fara á æfingu, „tanið – maður tanið“ heyrðist töluverð og því voru sólbaðsbekkirnir vinsælir þarna á milli æfinga.

Á kvöldið héldu þær stemningunni uppi á hótelinu með dansi og gleði og auðvitað var „vinsælasti“ skyndibitastaðurinn McDonalds. Vikan var fljót að líða og fullt af minningum sem urðu til hjá þessum flotta hóp. Stelpurnar senda knús og þakklæti til þeirra sem hafa styrkt þær.

Fimleikadeild Aftureldingar þakkar fyrir sig

Það er margt búið að ganga á í samfélaginu okkar af völdum kórónuveirunnar. Við höfum barist við mörg stökkbreytt afbrigði og nú er sá bardagi búinn.

Eðlilegt líferni tekur svo við og allir virðast vera búnir að gleyma faraldrinum en takmörkunum var bara aflétt 25. febrúar 2022.

Fimleikadeild Aftureldingar barðist hart með samfélaginu í 2 ár og endalaust var verið að finna lausnir á reglugerðum sem settar voru eða var breytt með stuttum fyrirvara.

Þegar verst lét og deildin þurfti að loka þá var tekin lausnamiðuð stefna þar sem þjálfararnir okkar settu upp heimaæfingar sem voru sendar til iðkenda okkar í texta eða á myndböndum.

Þjálfarar skipulögðu einnig flottar æfingar í gegnum fjarskiptaforrit þar sem iðkendur gátu komið saman og gert æfingar sem heild eða farið með þjálfurum sínum í gegnum skemmtilega leiki. Bæði iðkendur og þjálfarar voru metnaðarfullir í þessum verkefnum og gaman var að sjá brosandi andlit þó svo það væri í gegnum tölvuskjáinn. Þrátt fyrir að fjarþjálfunin hafi gengið vel þá voru margar æfingar bættar upp og annir voru lengdar eða byrjuðu fyrr en venjulega, foreldrum að kostnaðarlausu.

Hluti af mörgum þáttum sem einkenna íþróttir eru þrautseigja, jákvæðni, sterkt hugarfar og að læra á stjórnanlegu þættina sem styrkjast þegar reynir á. Eftir faraldurinn mátti sjá miklar framfarir á þessum

þáttum bæði hjá þjálfurum okkar og iðkendum. Fimleikadeild Aftureldingar kom sterk út úr faraldrinum sem má sjá í samskiptum okkar við iðkendur og foreldra, á frammistöðu inni í sal og árangri deildarinnar á mótum, svo eitthvað sé nefnt.

Afturelding skráði 110 til 130 iðkendur á hvert mót og komu út úr vetrinum með þrjá bikarmeistaratitla og tvo Íslandsmeistaratitla.

Starfsfólk fimleikadeildarinnar er mjög spennt fyrir komandi vetri hjá deild sem stækkar ört. Mikill metnaður verður lagður í frekari uppbyggingu og fagleg vinnubrögð.

Fimleikadeild Aftureldingar vill þakka fyrir veturinn, Covid-tímabilið, sterkt bakland og frábæra iðkendur.

AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR
JAKO SPORT ÍSLANDI
NAMO EHF. - SMIÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

ÞJÁLFARARNIR FRÁ BÍTLABORGINNI

Langstærsti skólinn í Evrópu • 400 fótboltakrakkar í ár

Liverpool-skólinn í tíu ár í Mosfellsbæ

Tíundi Liverpool-skólinn fór fram á dögunum á Tungubökkum í Mosfellsbæ, stórkostlega vel heppnað samstarf Aftureldingar og Liverpool FC hefur virkilega fest sig í sessi sem einn af stærri íþróttaviðburðunum í bænum.

Tæplega 400 börn sóttu skólann í ár og fóru vonandi öll ánægð heim eftir þriggja daga kennslu frá 18 Liverpool þjálfurum samkvæmt hugmyndarfæðinni „The Liverpool way“.

Skólinn í Mosfellsbæ er sá langstærsti í Evrópu, en hér höfum við enn haldið okkur við að halda einn þriggja daga skóla og stækka hann milli ára í nánast hvert skipti, meðan önnur lönd hafa verið að skipta skólanum niður í nokkur þriggja daga námskeið.

TINDAHLAUP
Mosfellsbæjar

LAUGARDAGINN
27. ÁGÚST 2022

Utanvegahlaup fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

Fjórar vegalengdir í boði:
1 tindur (12 km), 3 tindar (19 km),
5 tindar (34 km) og 7 tindar (38 km).

Glæsileg verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin
í karla- og kvennaflokki í öllum vegalengdum.

nettó

Í túninu HEIMA

Kynntu þér **TINDAHLAUP MOSFELLSBÆJAR** á hlaup.is

SVIPMYNDIR

17. JÚNÍ Í MOSÓ

Myndir/RaggiÓla

ÞÖKKUM FYRIR STUÐNINGINN
3. FLOKKUR KARLA Í KNATTSPYRNU Í ÆFINGABÚÐUM Á SPÁNI

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli.

Oddsbrekkur

Hestamenn tóku sig til í vor og rufu Oddsbrekkurnar í óleyfi og fóru fram úr sínum heimildum með nýja reiðleið. Eitt sinn var sagt að þær væru náttúruvætti, sem þýðir að þær eru náttúruundur sem nýtur sérstakrar verndar og má ekki hrófla við.

Yfirvöld lofuðu því fyrir kosningar að þetta yrði lagað, enda ekki á valdi hestamannafélagsins að sjá um landmótun. Nú hefur bæjarapparatið lúffað fyrir yfirgangi hestamannafélagsins og ætlar ekki að lagfæra þessi náttúruspjöll. Semsagt alger uppgjöf fyrir yfirgangi og eyðileggingu.

Þarna hefur verið reiðleið til Þingvalla í margar aldir, meðfram ánni og brekkunum. Afhverju geta mosfellskir hestamenn ekki notað þær leiðir sem forfeður þeirra hafa notað í gegn um aldirnar? Þora þeir ekki upp brekkur lengur?

Vonandi að bæjarfélagið standi vörð um náttúruna og láti hestamenn koma brekkunum í sama horf og gefist ekki upp gagnvart þessum landníðingum.

Guðný Halldórsdóttir

Takk fyrir mig

Mig langar að þakka kærlega fyrir mig á 17. júní. Ég bý í Grafarvogi og heimsótti Mosfellsbæ á þjóðhátíðardaginn.

Dagskráin og umhverfið hjá ykkur í Mosó er til fyrirmyndar og fengum við að lauma okkur á milli hverfa og njóta með Mosfellingum að þessu sinni. Það sem kveikti í okkur var gríðarlega metnaðarfull dagskrá fyrir krakkana þarna við Hlégarð. Ég og mín börn nutum okkar í botn og allt frítt.

Langaði bara til að senda þessar línur og þakka fyrir okkur.

Anna Ágústdóttir

Vöntun á vestursvæði

Ég bý í vestari hluta Mosfellsbæjar og hér vantar okkur sárlega einhvers konar þjónustu og afþreyingu. Mér finnst eins og öllu sé troðið á sama blettinn.

Við reyndar erum með Blik, sem er frábær staður, og Lágafellslaug. En þá er það upptalið. Okkur vantar hér verslun og betri græn svæði fyrir ungviðið. Kannski mun þetta breytast með tilkomu Blikastaðauppbyggingar en það er langt þangað til. Hér býr fjölskyldufólk og nóg af því. Leikvöllurinn við Lágafellsskóla er líka ekki börnum okkar sæmandi. Það má lyfta grettistaki svo hverfið okkar verði ekki afgangs.

Áfram gula hverfið!

Garðar

Nýtt kjörtímabil - nýjar áskoranir

Nú er hafið nýtt kjörtímabil með nýjum meirihluta og við bæjarfulltrúar XD í Mosó hlökkum til að eiga gott samstarf í bæjarstjórn og við hið frábæra starfsfólk Mosfellsbæjar hér eftir sem hingað til.

Fyrir kosningarnar í maí sl. lögðum við fram góða og fjölbreytta kosningastefnu um þau mál sem við viljum leggja áherslu á til að gera Mosfellsbæ enn betri og mál sem bæta enn frekar gæði þjónustunnar við bæjarbúa.

Þótt stutt sé liðið frá kosningum og lítið búið af kjörtímabilinu höfum við lagt fram þrjú mál úr stefnuskrá okkar í bæjarráði sem vonandi fá jákvæða umfjöllun og afgreiðslu hjá meirihlutanum.

Lækkun fasteignagjalda fyrir árið 2023

Undanfarin ár hefur fasteignmat hækkað verulega í Moefellsbæ sem og á landinu öllu með tilheyrandi auknum útgjöldum fyrir fasteignaeigendur. Til þess að bregðast við þessum hækkunum höfum við fyrrverandi meirihluti Sjalfstæðisflokks og Vinstri Grænna í Mosfellsbæ lækkað fasteignagjöld á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Nýlega var gefið út nýtt fasteignamat og hefur það aldrei hækkað eins mikið á milli ára.

Við í XD Mosó viljum halda áfram að koma í veg fyrir þessar ósanngjörnu skattahækkanir og lögðum því fram tillögu í bæjarráði á fundi þann 9. júni að fasteignagjöld í Mosfellsbæ fyrir árið 2023 myndu ekki hækka umfram vístölu.

Tillögunni var vísað til vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og munum við fylgja henni eftir í þeirri vinnu og leggja allt í sölurnar um að tillagan nái fram að ganga.

Opnun Fab Lab smiðju í Mosfellsbæ

Bæjarfulltrúar XD Mosó lögðu fram tillögu um að opnuð verði á árinu 2023 Fab Lab (Fabrication Laboratory) smiðja í Mosfellsbæ sem myndi nýtast öllum skólum bæjarins, bæði leik- og grunnskólum, auk þess sem leitað verði eftir samstarfi við FMos um verkefnið.

Fab Lab er smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjan gefur ungum sem öldnum, einstaklingum og fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Samkvæmt lauslegri athugun kostar búnaður og tæki í nýja Fab Lab smiðju um 18 milljónir króna. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið styrkir rekstur Fab Lab smiðja með myndarlegu framlagi auk þess sem mennta- og barnamálaráðuneytið kemur einnig með framlag til Fab Lab í gegnum aðstöðu eða notkun framhaldsskólanna.

Lagt er til að tillögunni verði vísað inn í vinnu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023. Auk þess er lagt til að Fræðslusviði Mosfellsbæjar verði falin vinna við undirbúning á opnun Fab Lab smiðju í Mosfellsbæ sem myndi hefja starfsemi í byrjun árs 2023.

Þróunar- og nýsköpunarmiðstöð

Samvinnuverkefni Mosfellsbæjar, ríkisins og fyrirtækja í atvinnulífinu.

Þriðja tillaga okkar að þessu sinni er að hafin verði vinna við undirbúning um að sett verði á stofn Þróunar- og nýsköpunarmiðstöð í Mosfellsbæ sem hefur það markmið að byggja upp og styðja við atvinnuuppbyggingu og nýsköpun í Mosfellsbæ til framtíðar.

Þar verður áhersla lögð á þróun og hátækni í ólíkum og fjölbreyttum greinum m.a. snjalltækni, heilbrigðis- og ferðaþjónustu, lýðheilsumálum og áhersla lögð á umhverfis-, atvinnu-, menningar- og fræðslumál svo eitthvað sé nefnt.

Einnig verður áhersla lögð á að starfrækt verði fjarvinnslurými samfara starfseminni þar sem fólk getur unnið í fjarvinnu með því að leigja rými á staðnum.

Ríkið styrkir stofnun verkefnis sem þessa á myndarlegan hátt og fara þarf í samningaviðræður um fyrirkomulag samstarfsins með ríkinu auk þess sem Mosfellsbær og fyrirtæki í atvinnulífinu myndu koma að verkefninu.

Næstu skref til undirbúnings

Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur innan stjórnsýslu Mosfellsbæjar með starfsfólki og einum fulltrúa úr meirihluta og einum úr minnihluta sem hefði það verkefni að vinna þá undirbúningsvinnu sem þarf til þess að koma á stofn Nýsköpunar- og þróunarsetri í Mosfellsbæ.

Ásgeir Sveinsson, bæjarfulltrúi og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ.

Karlar í skúrum Mosfellsbæ

Nú er að nálgast tvö ár síðan Karlar í skúrum Mosfellsbæ hófu starfsemi sína. Starfið hefur nokkuð liðið fyrir kórónuveirufaraldurinn.

Félagar hafa þó nokkuð getað sinnt sínum verkefnum í módelsmíði og í útskurði og tálgun þótt sóttvarnarreglur hafi, þegar þær hafa verið í gildi, takmarkað þann fjölda félaga sem kemst að hverju sinni. Opnir fundir, kaffi og spjall hafa oft og iðulega einnig verið felld niður.

En nú sjáum við vonandi fram á betri tíma. Opnir fundir, kaffi og spjall á þriðjudögum kl. 10–12 hafa að undanförnu verið ágætlega sóttir. Á meðfylgjandi mynd má sjá hluta af þeim hópi sem mætti á þriðjudaginn fyrir viku. Á þann fund leit við Örn Kjærnested framkvæmdastjóri Byggingafélagsins Bakka og færði skúrnum að gjöf fullkomið hjartastuðtæki. Á meðfylgjandi mynd má sjá Jón B. Guðmundsson formann félagsins taka við tækinu úr hendi Arnar. Ekki þarf að hafa mörg orð um hversu mikilvægt það er að hafa slíkt tæki á staðnum og á Örn þakkir skildar fyrir þessa höfðinglegu gjöf. Næsta skref er að kenna félögum í skúrnum á tækið.

Í undirbúningi er að efla starfið á komandi hausti með námskeiðum, fræðslufundum og kynnisferðum svo eitthvað sé nefnt. Rétt er að taka það fram að félagar eru ekki bundnir af því að sinna einhverju handverki því sumir láta sér nægja að mæta og spjalla yfir kaffibolla.

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt eða kynna sér starf Karla í skúrum Mosfellsbæ geta litið við á opið hús á þriðjudögum milli kl.10 og 12 eða haft samband við Jón B. Guðmundsson í síma 893-6202 eða Jónas Sigurðsson í síma 666-1040.

Skúrinn er á svæði Skálatúns, Litlahlíð 7A og er húsið merkt með stórum útskornum skiltum,Karlar í skúrum Mosfellsbæ.

Jónas Sigurðsson

Athugasemdir við deiliskipulag í Bjarkarholti

Fyrir hönd eigenda allra íbúða í Bjarkarholti 20 í Mosfellsbæ viljum við koma á framfæri athugasemdum við auglýsta breytingu á deiliskipulagi nefnt Bjarkarholt 22 til 30 sem er breyting við gildandi deiliskipulag Bjarkarholts 1,2 og 3.

Okkur var ljóst samkvæmt núgildandi deiliskipulagi að á aðliggjandi lóð Bjarkarholti 1 væri gert ráð fyrir almenningsgarði og litlu fjölbýlishúsi með aðkomu að vestanverðu.

Breytt deiliskipulag gerir hinsvegar ráð fyrir að byggð verði 2 hús á lóðinni þ.e. Bjarkarholt 22 og 24.

Bjarkarholt 22 er skilgreint sem skáli og virðist hvorki hafa skilgreinda lóð né bílastæði. Þó er ljóst að öll starfsemi kallar á bílastæði og í þessu tilfelli verða þá stæði á aðliggjandi lóðum notuð sem er óásættanlegt.

Gert er ráð fyrir að Bjarkarholt 24 verði „stórhýsi“ þ.e. 7.700 m² fjölbýlishús með aðkomu að austanverðu og er það margföldun á stærð miðað við núgildandi deiliskipulag. Einnig er gert ráð fyrir aðkomu og fjölda bílastæða á lóðamörkum við hús nr. 20.

Við gerum athugasemdir við stærð hússins sem og hæð þess og nálægð við hús okkar nr. 20. Þetta hefur veruleg áhrif á okkur bæði hvað skuggavarp varðar sem og útsýni til vesturs. Einnig teljum við að tilfærsla aðkomu að húsi nr. 24 verði til verulegra óþæginda fyrir okkur enda aðkoma að tugum íbúða og væri mikil truflun af aðkomu og bílastæðum við lóðamörk. Einnig kallar tilfærslan á að fella þurfi tré á lóðarmörkum sem er fráleitt að gera.

Tilfærsla aðkomunnar hefur einnig þau áhrif að eðlileg tenging milli miðbæjargarðs, friðlandsins og gangstígakerfis bæjarins verður rofin. Þessi svæði þurfa að tengjast saman með eðlilegum hætti eins og gert er ráð fyrir í núgildandi skipulagi.

Breytt skipulag gerir ráð fyrir gönguleið um undirgöng sem liggja í gegnum hús nr. 26 og að gengið verði um bæjarhelluna á húsi nr. 24.

Málefnasamningur Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar undirritaður á dögunum. Aftari röð: Örvar Jóhannsson (B), Aldís Stefánsdóttir (B) og Sævar Birgisson (B). Fremri röð: Lovísa Jónsdóttir (C), Halla Karen Kristjánsdóttir (B) og Anna Sigríður Guðnadóttir (S).

Helstu fréttir af framgangi málefnasamnings

Nýr meirihluti Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar hefur nú tekið til starfa í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og hlökkum við nýkjörnir bæjarfulltrúar til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem bíða okkar.

Í anda gagnsæis og lýðræðislegra vinnubragða munum við taka upp þá nýbreytni að upplýsa hér í Mosfellingi með reglubundnum hætti um helstu verkefni sem við erum að takast á við á hverjum tíma. Verkefnin eru mýmörg og þess vegna munum við stikla á stóru og fyrst og fremst upplýsa bæjarbúa um nýjar ákvarðanir eða framgang verkefna úr málefnasamningi okkar.

Bæjarstjóri

Í samræmi við ákvörðun meirihlutans þá hefur staða bæjarstjóra verið auglýst laus til umsóknar og er umsóknarfrestur til 28. júní.

Kvíslarskóli

Framkvæmdir við skólann ganga samkvæmt áætlun og er unnið hörðum höndum að því að ljúka heildarúttekt á húsnæðinu. Reglulega verða veittar upplýsingar um framganginn á mos.is og í tölvupósti til forráðamanna. Samhliða framkvæmdunum er unnið að viðbragðsáætlun ef ekki tekst að ljúka viðgerðum áður en kennsla hefst aftur í haust.

Þjónustubygging að Varmá

Í málefnasamningi Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar var ákveðið að taka til endurskoðunar áætlanir um þjónustubyggingu við Varmá.

Í ljósi þess að ekki bárust nein tilboð í byggingu hússins hefur verið tekin ákvörðun um það í samráði við Aftureldingu að fara strax í þessa endurskoðun.

Lenging opnunartíma sundlauga

Í samkomulagi meirihlutans er kveðið á um að sundlaugar bæjarins verði opnar lengur. Fyrsta skrefið í þeirri þjónustuaukningu verður tekið í sumar þegar tíminn verður lengdur um hálfa klukkustund á virkum dögum.

Fasteignagjöld

Ástandið á fasteignamarkaði hefur valdið mjög mikilli hækkun fasteignamats. Í meirihlutasamkomulagi B, S og C lista er kveðið á um að álagningarprósentur fasteignagjalda verði lækkaðar til að koma til móts við hækkun fasteignamats. Nánari útfærsla mun koma fram í fyrstu fjárhagsáætlun nýs meirihluta.

„Við erum byrjuð að vinna samkvæmt málefnasamningnum og erum að koma málefnum í farveg og nánari útfærslu," segir Halla Karen Kristjánsdóttir, formaður bæjarráðs.

„Við viljum bæta upplýsingaflæðið frá bæjarstjórn til íbúa eins og við segjum í samningnum. Okkur finnst mjög mikilvægt að eiga gott samráð og samvinnu við bæjarbúa og viljum tryggja það að raddir sem flestra heyrist þannig að þjónustan sé framúrskarandi."

Framsókn, Samfylking og Viðreisn

Varðandi skipulagið í heild viljum við gera eftirfarandi athugasemdir:

Á lóðunum 1 til 5 á samkvæmt skipulagsdrögum að rísa 225 metra langt fjölbýlishús á 4 til 5 hæðum með fjórum útbyggingum. þetta finnst okkur afar óaðlaðandi „múr" og úr öllu samhengi við núverandi umhverfi og alls ekki það sem við áttum von á að sjá þegar við festum okkur íbúðir hér.

Byggingarmagn á lóðum 1 til 3 hefur verið aukið um nær 40% frá gildandi skipulagi og íbúðum fjölgað úr 44 í 150 og teljum við þetta óhóflegt og alls ekki standast reglur um meðalhóf.

Okkur virðist að fjárhagslegir hagsmunir lóðarhafa leigulóða í eigu bæjarfélagsins séu verulega veigameiri en hagsmunir okkar íbúanna hér í götunni, það finnst okkur vera öfugmæli.

Við erum öll ánægðir íbúar hér í götunni sem og í bæjarfélaginu en verði þetta skipulag samþykkt mun það breytast.

Við förum því fram á að þessi skipulagstillaga verði dregin til baka og endurunnin í samráði við íbúa nærliggjandi húsa en ekki bara lóðarhafa.

Við teljum að meðalhófs hafi ekki verið gætt við gerð þessarar skipulagstillögu.

Magnús Jónsson
Bjarkarholti 20

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

DRIF
Aukaljós á bíla og báta.
Toppgrindur, fjöðrun, dráttarspil, ferðavörur o.fl.
Völuteig 21, Mosfellsbæ
s. 517-2900
www.drif.is - drif@drif.is
Vision Global Lighting Systems
WARN
ARB

MALBIKSTÖÐIN

ARTPRO
PRENTÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200
www.artpro.is

GLERTÆKNI ehf
Völuteigi 21
- gler í alla glugga -
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

Ökukennsla Lárusar
Gsm 7775200 akamos@simnet.is
Vespu-, bifhjóla- og bílpróf
Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.

AFLTAK EHF.
S: 660 0770 - www.afltak.is

HEILSUMOLAR GAUA

BREYTINGAR

Það er hollt að breyta, hætta að gera eitthvað sem maður hefur gert lengi og gera eitthvað annað í staðinn. Það er ekki auðvelt að hætta, sérstaklega ekki einhverju sem maður hefur haft ánægju af lengi, en mín skoðun og reynsla er að það sé betra að hætta á meðan það er enn gaman. Ég er í hætta-ferli núna, er að hætta með ýmislegt sem ég hef gert eða tekið þátt í lengi. Af hverju er ég að hætta? Af því að mig langar að gera aðra hluti og til þess að geta gert þá vel, þarf ég að hafa góðan tíma og mikla orku.

Ég er samt ekki að loka dyrum eða skella hurðum á eftir mér. Mér finnst best að hætta þannig að ég eigi möguleika á að taka aftur upp þráðinn seinna. Kannski miklu seinna, kannski aldrei, en ég vil halda endurkomumöguleikum opnum, maður veit aldrei hvernig lífið þróast.

Um leið og það er erfitt að hætta, fylgir því mikil tilhlökkun að búa sér til rými til að takast á við nýja hluti og verkefni.

Fyrir mér er heimurinn stór og lítill á sama tíma. Það er allt hægt, ef maður trúir og virkilega vill. Og það er gaman að horfa fram á veg og reyna við hluti sem virðast óraunhæfir og ómögulegir. Ég hlustaði á dögunum á viðtal við Guðmund Guðmundsson, landsliðsþjálfara karlalandsliðsins okkar í handbolta. Mér fannst bæði áhugavert og hvetjandi að heyra hann tala um verkefnin sem hann sem hefur tekið að sér í gegnum tíðina og hvernig hann hefur brugðist við þeim tilboðum sem hann hefur fengið. Áskoranir og erfið verkefni voru hæst á hans óskalista, hvort sem það var að koma Aftureldingu upp í efstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins eða að gera Dani að Ólympíumeisturum í fyrsta sinn. Áfram veginn!



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Erum með **áhugasama kaupendur** sem vilja flytja í **Mosó** – láttu eign þína sjást í öllum miðlum – **hafðu samband**

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma **695 5520** eða með tölvupósti **jon@miklaborg.is** eða við **Óskar** í síma **691 2312** eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

Bókið skoðun og fáið frítt verðmat

MIKLABORG | Með þér alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Stöðuuppfærslur

in your face

Sigridur Sigurdardottir
Keypti óvart árspassa í Tívolí í Kaupmannahöfn 13.000 isk fyrir tvo. :)
Kostar það sama og eitt skipti í Bláa Lónið fyrir einn. Verðvitundin smá bregluð :)
17. júní

Motomos Is
MotoMos opnar í dag! Jæja, þá er loksins komið að því. Eftir mikla vinnu Balla og Péturs að þá opnar MotoMos í dag kl.14 til kl.17. Biðjum fólk vinsamlegast að fara varlega og ítrekum að fólk er þarna á eigin ábyrgð og það á aldrei að hjóla einn. Miðar fást í N1 og Olís og að sjálfsögðu gilda gullkortin í brautina. *18. júní*

Höskuldur Þráinsson
Kvenréttindadagurinn
„Í dag er kvenréttindadagurinn og það þýðir meðal annars að ég á rétt á því að þú sjáir um kvöldmatinn," sagði konan þegar leið á daginn. Já, verra gat það verið svo ég féllst strax á þetta og af því að hún hefur lengi skipt við Arionbanka hér í Mosó hringdi ég í bankaútibúið til að fá aðstoð. Þar var mér tekið mjög vel og sagt að ég gæti bara sótt matinn þangað (útibúið heitir reyndar Barion núna en ekki bara Arion af því að nú er kominn bar þar inni). Svo ég sótti matinn og borgaði hann alveg sjálfur og nú er ég að ganga frá í eldhúsinu. En svo er bara venjulegur dagur á morgun :)
19. júní

Hanna Símonardóttir
Þegar Liverpool skólinn hefur verið yfirfullur í tíu skipti þá hlýtur að vera sæmileg ánægja með hann. Tíu þjálfarar fyrsta árið, átján í ár og sjö af þeim voru líka með útibú á Akureyri, langstærsti skólinn í evrópu segja þeir hjá LFC. Þakklæti er mér efst í huga, fyrir að hafa náð að sannfæra höfuðstöðvar Liverpool um að prófa þetta með okkur og foreldrunum fyrir að koma með börnin sín, fyrirtækjum sem styrkja okkur já og fyrir alla sjálfboðaliðana :) sem hafa haldið þessu uppi með okkur. WALK ON *10. júní*

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA — VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær
Sími 578 5080

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
www.bmarkan.is

SG VERK
Öll almenn smíði
Fagleg og vönduð vinnubrögð.
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!
779-9760 Sumarliði / Gísli 779-9761

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~
BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR
Flugumýri 2 - Sími 566-6216

Passamyndir
Við bjóðum upp á myndatöku fyrir vegabréf, ökuskírteini, ferilskrár, starfsmannaskírteini og fleira, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.
Myndó.is
Þverholti 5 - 270 Mosfellsbæ
Pantanir í síma: 8981744 eða á myndo@myndo.is

GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.
Sími 893 5788

BH BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir, smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Frí Tjónaskoðun
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510
SJÓVÁ TM vís varður

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

SteinTeppi.is
Gólfefna lausnir fyrir heimili og fyrirtæki
Vogatunga 51, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

HEYRST HEFUR...

...að Telma og Jökull í Kaleo hafi trúlofað sig á dögunum.

...að staða bæjarstjóra í Mosfellsbæ sé nú laus til umsóknar til 28. júní.

...að Kristín María og Teddi eigi von á sínu fyrsta barni í desember.

...að búið sé að opna MotoMos brautina á Tungumelum.

...að engin tilboð hafi borist í byggingu nýrra þjónustubyggingar að Varmá og verði byggingin endurskoðuð hjá nýjum meirihluta.

...að danshljómsveitin Blek og Byttur ætli að endurtaka leikinn á Barion og blása í sveitaball á föstudagskvöld á bæjarhátíðinni.

...að verið sé að undirbúa byggingu útisviðs í Álafosskvos þar sem brekkusöngurinn á bæjarhátíðinni fer gjarnan fram.

...að Hrannar Guðmunds hafi fagnað miklu þrítugsafmæli á dögunum.

...að Arna Hilmars hafi farið holu í höggi á 7. braut á Hlíðavelli.

...að Sindri Snær og Hildur Laxdal eigi von á barni.

...að í sumar verði opnunartími sundlauganna lengdur um hálfa klukkustund á virkum dögum.

...að ærslabelgurinn í Ævintýragarðinum sé kominn upp aftur.

...að Kjalarnesdagar verði haldnir hátíðlegir um helgina.

...að Guðrún Erna og Georg hafi gift sig um síðustu helgi.

...að Tjaldanes, fremst í Mosfellsdal, sé til sölu.

...að körfuboltagoðsögnin LeBron James hafi kíkt í Laugarvatnshella til Hilmars Stef í vikunni.

...að Leikjavagn UMSK verði við Hlégarð í kringum næstu helgi.

...að íbúar í Bjarkarholti séu æfir yfir breytingum á deiliskipulagi í miðbænum með tilkomu risablokka og skertu útsýni.

...að Örn Kjærnested og Bakki hafi gefið Körlum í skúrum fullkomið hjartastuðtæki.

...að Afturelding geti komist í 8-liða úrslit í bikarkeppni karla í fyrsta skipti í sögunni á mánudag þegar liðið mætir Kórdrengjum

...að Valdimar Birgis úr Viðreisn sé nýr formaður stærstu nefndar bæjarins, skipulagsnefndar.

...að Afturelding mæti Þór á Malbikstöðinni á föstudag og áhorfendur geti kíkt í klippingu á leiknum.

...að Ísleifur Sveins hafi farið holu í höggi á Bakkakotsvelli á dögunum.

...að Jóhann Ingi og Vallý séu að fara að gifta sig fyrstu helgina í júlí.

...að bókasafnið verði lokað á laugardögum í júní og júlí.

...að Óli Valur og BL séu búin að kaupa 38 hektara athafnasvæði við Tungumela til að byggja upp.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Ingibjörg Gróa Víðisdóttir kom í heiminn 08.08.21 kl. 00:05 Hún var 3.614 gr og 50 cm Foreldrar hennar eru Embla Rún Gunnarsdóttir og Víðir Björnsson.

Í TÚNINU HEIMA

HÁTÍÐARBLAÐ

BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR 26. - 28. ÁGÚST 2022

Bæjarhátíðin **Í túninu heima** fer fram helgina 26. - 28. ágúst

HÁTÍÐARBLAÐ MOSFELLINGS

kemur út 23. ágúst

Skilafrestur efnis og auglýsinga er til hádegis föstudaginn 20. ágúst

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Í eldhúsinu

HJÁ SIGGU OG SVERRI

Sælkerafiskur

Sigríður Helga Sigurðardóttir og Sverrir Hermann Pálmarsson deila með okkur uppskrift að þessu sinni. Fiskréttur sem er í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni og oft eldaður á heimilinu.

Sælkerafiskur fyrir fjóra

- 800 gr þorskur (eða annar fiskur)
- 3 msk olía
- 1 laukur
- 1 paprika
- 1 epli
- 4 gulrætur
- 1 tsk karrý
- 1 tsk flögusalt
- 1 tsk Season All
- 1/2 tsk sítrónupipar
- 1 msk kjötkraftur
- 100 gr hreinn rjómaostur
- 1 matreiðslurjómi

Aðferð:

Hitið olíu á pönnu. Skerið grænmetið og eplið fremur smátt og mýkið í olíunni. Bætið kryddi og rjómaosti við á pönnuna þegar grænmetið er orðið mjúkt. Gott að taka frá ca.1/2 tsk sítrónupipar. Bætið matreiðslurjómanum á pönnuna og hitið að suðu. Skerið fiskinn í bita og raðið ofan á sósuna á pönnunni. Stráið sítrónupipar yfir. Lokið sett yfir og fiskurinn eldaður í 10 mínútur. Borið fram með soðnum hrísgrjónum eða soðnu byggi.

Verði ykkur að góðu

Sigga og Sverrir skora á Elísu og Viktor að deila næstu uppskrift í Mosfellingi

HVAÐ FINNST ÞÉR VANTA?

Hversu oft skyldi maður hafa verið spurður af því hvað það sé sem maður virkilega sér við Mosfellsbæ?

Það hefur oft verið leikur einn að svara því, við höfum tvær yndislegar sundlaugar, frábæra golfvelli og klárlega flottustu útivistarsvæðin á höfuðborgarsvæðinu. En það er eitt sem mér fannst oft vanta við bæinn og það var að geta leitað í hollari skyndibita. Það lítur samt heldur betur vel út fyrir Mosfellinga ef marka má slúðrið í bænum, allavega hef ég heyrt að bæði Wok On og Serrano séu að setjast að í bænum. Þá fyrst er nú lítið sem maður þarf að fara út fyrir Mosfellsbæinn ekki nema þá einna helst til að fara í vinnu, bíó eða ef mann vantar eitthvað í verkfærakistuna eða eina, tvær skrúfur til að klára að hengja upp sjónvarpið í stofunni.

Það var var nú eitt sinn búð hér í bæ sem hét Bymos og það var eins og vera kominn á götumarkað úti í Evrópu, það var alltaf eitthvað fyrir alla og þeir áttu nánast alltaf það sem þig vantaði, hvort sem það voru skrúfur, blöðrur eða bara framlengingasnúra.

Ég veit svo sem lítið um af hverju þessi ágæta verslun þurfti að loka en hún er ekki sú eina sem hefur þurft að loka dyrum sínum hér í bæ og má nefna til dæmis að í sama húsi var Draumakaffi sem var klassískur staður til að fara og horfa á enska boltann og sötra bjór.

Það sem mig langar helst að koma á framfæri er að það er mikilvægt fyrir Mosfellinga að taka vel á móti nýjum rekstri í bænum og vera dugleg að leita til þeirra fyrirtækja sem hér eru að bjóða upp á sína þjónustu til þess að einfaldlega geta haldið áfram að bjóða upp á hana hérna í sveitinni ef sveit má kalla.

En það er svo sem ekkert hægt að efast um Mosfellinga í þessum málum miðað við stækkunina sem hefur átt sér stað hér á síðustu 15 árum eða svo.

Ég man þegar ég var svona átta ára og bjó í Breiðholti þá gerði maður sér ferð í Mosfellsbæ til þess að sækja Varmárlaug og fara svo á KFC eftir á, ekki bara því KFC var ekki í grennd við Breiðholt heldur líka bara því það var stærsta og skemmtilegasta leiksvæðið í Mosó. Ég vona að það sé einhver lítill átta ára sem ekki býr í Mosó sem óskar þess eins og ég að geta farið í Mosó því að það er besti staðurinn til að vera á.

BRAGI THOR

SMÁ AUGLÝSINGAR

Stríðsmunir
Óska eftir munum frá stríðsárunum tengdum Mosfellssveit www.fbi.is sími 822-5344. Tryggvi.

Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga
mosfellingur@mosfellingur.is

ÞÚ GETUR AUGLÝST FRÍTT
(...allt að 50 orð)

Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:
mosfellingur@mosfellingur.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS
WWW.MOSFELLINGUR.IS

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 23. ÁGÚST

Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á föstudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega allt jarðefni

VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142

IcePort
Icelandic Trade Partner

Heyrnartól - Snjallperur - Hátalarar - Hitafatnaður
Brúsar og nestisbox sem halda heitu eða köldu
Leikföng - Snjallúr - Símahulstur og margt fleira

Vefverslun - iceport.is

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612

MG LÖGMENN

Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa
Skilnaðarsamningar - Slysamál
Gallar í fasteignum
Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

ökukennsla HREIÐARS
8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900



- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is ◆ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892 - Komum til að standenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is ◆ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Öll almenn vörubíla- og kranaþjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.

BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

Bílapartar ehf
Notaðir **TOYOTA** varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

BílaGlerið
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

FHS
HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
s:6959922
FHSVERK@GMAIL.COM

www.arioddsson.is

ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Ert þú að fara til útlanda í sumar?

EMMA:
Ég veit ekki.

DANÍEL DO CORMO:
Nei, fer ekki í ár.

SANDRA MARÍA:
Já, til Danmerkur.

HAUKUR HELGI:
Nei, ætla að vera heima.

RAGNAR SNÆR:
Já, Portúgal.

SVANNI: Ég er saddur í bili eftir apabóluna í Dublin.



Allt eðlilegt hér

Mættir til Dublin

Ég sé um hestinn

Habbý og Anna hans Svanna

Hópferð bekkjarbræðranna til Hønefoss þar sem Arnór Gauti og Birkir áttust við.



Útskriftarveisla

Skytturnar þrjár

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

Vinkonusumarbrúðkaup

Þrír góðir í Dalnum

Jökla-hjónin

Kókos-bræðurnir

Strákarnir mættir í afmæli

Ferðalangarnir

Á[illegible]hátíð [illegible]só

Riddarar

Dimmutónleikar í Hlégarði

MOSFELLINGAR Í DUBLIN
STIGU Á STOKK MEÐ KALEO

Starfsmannaárshátíð Mosó

OPIÐ ALLA SUNNU DAGA Í SUMAR

GRENSÁSVEGI 48
SUNNUKRIKA 3

KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is

OPIÐ

MÁNUDAGA	11:30-18:00
ÞRI. - FIM.	11:30-18:30
FÖSTUDAGA	10:00-18:30
LAUGARDAGA	11:00-17:00
SUNNUDAGA	13:00-18:00

ALLT FYRIR ÞIG

Við erum fagmenn í fasteignaviðskiptum

ALLT fasteignasala
Þverholti 2 Mosfellsbæ
Sími 560 5505
allt@allt.is
allt.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 846 3424

ROKKAÐ Í LAXNESI

Mosfellska rokksveitin RedLine hélt magnaða útgáfutónleika í Laxnesi í Mosfellsdal á dögunum. Hér má sjá meðlimi sveitarinnar áður en þeir stigu á stokk á heimavelli sínum.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu Landsbanka-appið
App Store
Google Play

Múlalundur
Glæsileg ritfangaverslun í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!
MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM

Þjónusta við Mosfellinga í 30 ár

Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047

Davíð Ólafsson
löggiltur fasteignasali
896-4732

Brynjólfur Jónsson
löggiltur fasteignasali
898-9791

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30

BERG FASTEIGNASALA

Koparslétta á Esjumelum

Vandað og vel byggt 285 fm iðnaðarhúsnæði á Esjumelum. Milliloftið er þar af ca. 90 fm. Góð vinduhurð. Malbikað plan. Góð aðkoma. Mikil lofthæð í hluta húsnæðisins.
Verð: 68 m.

Sunnukriki

Til leigu tvö góð skrifstofu- og verslunarrými á 2. hæð á þessum vinsæla stað við Sunnukrika. Samtals 560 fm. Flott staðsetning og næg bílastæði. Góða aðkoma.

Sætún á Kjalarnesi

Vandað atvinnuhúsnæði, 630 fm á 3.500 fm eignarlóð. 850 fm byggingarréttur fylgir. Með frábæra staðsetningu á Kjalarnesi, góð aðkoma. Einnig til sölu á sama stað önnur 5.500 fm. eignarlóð með byggingarrétt á húsi allt að 2.300 fm. Miklir framtíðarmöguleikar.

Ásland

Vel staðsett 148 fm parhús á einni hæð. Stór lóð, 1.050 fm. Stór garður og góðir skjólveggir. Pallur og heitur pottur. Sólskáli með arni. 3 svefnherbergi og bílskúr. Eignin stendur í lokaðri götu. Gróið og rólegt umhverfi.
Verð: 91,5 m.

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989